FRÉTTABLAÐIÐ

170. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 24. JÚLÍ 2019

Boris Johnson tekur í dag við embætti forsætisráðherra Bretlands. Hann vann stórsigur á keppinaut sínum í leiðtogakjöri Íhaldsflokksins. Niðurstöðurnar komu ekki á óvart enda Johnson mælst mun vinsælli í könnunum. Með kjöri Johnsons aukast líkur á samningslausri útgöngu því hann ætlar alls ekki að fresta Brexit aftur. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir af Boris Johnson er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Hefur viku til að stefna blaðamanni

Fréttablaðið fær ekki umbeðnar upplýsingar um námssamning starfsmanns Seðlabankans að svo stöddu. Réttaráhrifum úrskurðar um skyldu bankans til að afhenda blaðamanni gögn hefur verið frestað. Seðlabankinn fékk sjö daga frest til að vísa málinu til dómstóla.

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst í gær á beiðni Seðlabanka Íslands um frestun réttaráhrifa úrskurðar sem kveðinn var upp 10. júlí síðastliðinn. Ekki hefur verið fallist á slíka beiðni áður, í máli sem varðar upplýsingarétt fjölmiðils.

Með úrskurði nefndarinnar frá 10. júlí var bankanum gert skylt að veita blaðamanni Fréttablaðsins aðgang að upplýsingum um fjármögnun bankans á framhaldsnámi fyrrverandi forstöðumanns gjaldeyriseftirlits bankans. Forsendur þeirrar niðurstöðu voru meðal annars að almenningur hefði ríkari hagsmuni af því að skjalið verði gert opinbert en viðkomandi starfsmaður af því að það fari leynt.

Úrskurðarefndin hefur tvívegis áður fallist á beiðni um frestun réttaráhrifa. Í hvorugu tilvikinu var um upplýsingarétt fjölmiðils að ræða. Beiðnum um frestun hefur sextán sinnum verið synjað.

Með úrskurði sínum í gær féllst nefndin hins vegar á beiðni bankans um að samningurinn verði ekki afhentur fyrr en dómur um skyldu til að afhenda samninginn liggur fyrir. Frestunin er bundin því skilyrði að bankinn vísi málinu til dómstóla innan sjö daga og krefjist flýtimeðferðar.

Í niðurstöðu nefndarinnar um frestunina er einkum vísað til óvissu um túlkun ákvæðis um undanþágu upplýsingaréttar í málum sem varða starfsmenn opinberra stofnanna; umsóknir um starf, framgang í starfi eða starfssambandið að öðru leyti.

Í niðurstöðunni segir að fyrri úrskurður hennar um rétt blaðamannsins styðjist hvorki við skýr fordæmi dómstóla eða rótgróna úrskurðarframkvæmd nefndarinnar sjálfrar. Ekki verði séð að dómstólar hafi áður tekið afstöðu til sambærilegs ágreinings og úrskurðurinn tekur til. Því kunni að vera ástæða til að bera ágreining um túlkun fyrrgreinds ákvæðis upplýsingalaga undir dómstóla.

Liðnir eru átta mánuðir frá því að blaðamaðurinn hugðist skrifa frétt um námsstyrk bankans til starfsmannsins. Fyrirséð er að yfirvofandi málaferli Seðlabankans við blaðamanninn um rétt hans til upplýsinga muni valda áframhaldandi töfum á því starfi. **– aá, ab**

Tekur mark á mömmu sinni

FÓTBOLTI Valgeir Valgeirsson, leikmaður HK, hefur farið mikinn í liði nýliðanna á þessu sumri. Hann stefnir hátt en er þó með báða fæturna á jörðinni.

Þrátt fyrir að vera aðeins 16 ára er Valgeir búinn að taka mataræðið algerlega í gegn. „Ég borðaði ekkert hollt í fjórða og þriðja flokki en mamma tók í mig og fór að láta mig borða hollara fæði. Ég hef fylgt því og mér finnst það hafa skilað miklu. Ég er í miklu betra formi eftir að ég fór að hlusta á mömmu," segir hann hress.

– bbh / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Elliði Vignisson skrifar um EES-samninginn og ESB. 8

SPORT HK-ingur inn að hjarta-rótum segir Valgeir Valgeirsson. 10

MENNING Systkinin Mikael Máni og Lilja María halda í tónleikaferð um landið og flytja verk sem þau sömdu í sameiningu. 16

LÍFIÐ Keppni fullorðnu bréfdúfnanna á Íslandsmóti bréfdúfna fékk skjótan endi eftir ófyrirsjáanlegar hraknings. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● AUGUN OKKAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, skýjað með köflum og úrkomulítið, en síðdegisskúrir sunnanlands. Gengur í norðaustan 8-15 í kvöld og nótt, fyrst á Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 14

Sigið í útkalli. MYND/LANDSBJÖRG.

Margir vanmeta aðstæður við Fimmvörðuháls

FERÐAMÁL Þrjú slys urðu á aðeins fimm dögum á Fimmvörðuhálsi fyrir skemmstu. Einn hinna slösuðu var Íslendingur og hinir tveir erlendir ferðamenn. Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segir tíðarfarið og mannfjöldann helstu skýringuna.

„Fjöldi útkalla sveiflast töluvert á milli ára," segir Davíð. „Sumarið í fyrra var rólegra og sumarið þar áður enn rólegra."

Davíð segir að fólk eigi það til að vanmeta aðstæður og ofmeta eigin getu. Á stað eins og Fimmvörðuhálsi geti veður skipast skjótt í lofti. Í nýjasta útkallinu sá Davíð bláan himinn breytast í svartaþoku á örskömmum tíma.

„Þarna ertu kominn upp á hálendi, í 1.100 metra hæð. Það var snjór þar sem útkallið var í gær. Við ákváðum að fara upp snjóskaflinn af því að það var talið öruggara en að fara upp grjótið."

Að sögn Davíðs er sífellt verið að bæta við skiltum og auka upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna.

„Í fullkomnum heimi væru þarna mannaðar stöðvar eins og þekkist víða erlendis. Þar ferðu ekki inn á gönguleiðir án þess að tala við landvörð, gera grein fyrir þér og fá mat á því hvort þú sért nógu vel búinn fyrir ferðina."

Landsbjörg verðleggur ekki hvert útkall og Davíð segir að mesti kostnaðurinn felist í því að hafa menn til staðar. Allt sé unnið í sjálfboðavinnu og stuðningur atvinnurekenda sé ómetanlegur. – khg

Sjóþota við Sólfarið

Veðurblíðan ætlar sem betur fer engan enda að taka. Það er margt sem hægt er að taka upp á til að nýta útiveruna til hins ýtrasta. Þessi skellti sér á sjóþotu og þaut fram hjá Sólfarinu við Sæbraut þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið þar hjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stórhöfði ekki skýrt merktur

VESTMANNAEYJAR Margir urðu hvumsa og reiðir við að sjá skilti við aðkomuna að Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Á skiltinu stóð að um einkalóð væri að ræða og aðgangur væri stranglega bannaður.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, áréttar að almenningur hafi rétt á að ganga um höfðann enda sé þetta ríkisjörð.

„Vegagerðin er með þetta á sínum snærum frá þeim tíma þegar viti var rekinn þarna," segir Íris. „Við fengum ábendingar og Vegagerðin hefur tekið á þessu. Merkingarnar voru ekki skýrar. Að sjálfsögðu á almenningur frjálsa för um Stórhöfða."

Á staðnum er hús sem Vegagerðin hefur leigt út. Aðeins í kringum þetta hús er aðgangur ekki leyfður. Þá er bílaumferð ekki leyfileg á staðnum af náttúruverndarsjónarástæðum. – khg

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Midea
It's your Idea

Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Kampavín og freyðivín eru vinsæl í sumarhitanum, en salan tekur stórt stökk milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikil aukning í sölu kampavíns milli ára

Sala á áfengi er meiri í ár en í fyrra. Aðstoðarforstjóri ÁTVR segir fækkun ferðamanna frekar bitna á veitingastöðum. Sala á kampavíni tekur stórt stökk milli ára.

NEYTENDUR Sala áfengis hefur aukist um þrjú prósent á milli ára ef skoðað er tímabilið 1. janúar til 22. júlí. Á þessum tíma hafa selst 12,2 milljónir lítra af áfengi miðað við 11,8 í fyrra.

Blíðviðri sumarsins á vafalaust hlut að máli því hafa verður í huga að ferðamönnum hefur fækkað. „Aukningin er búin að vera nokkuð jöfn á þessu ári en fór aðeins upp í sumar," segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. Vínbúðirnar halda þó enga skrá yfir hvort salan sé meiri eða minni í góðu veðri eða slæmu.

Sala áfengis
þús. lítra

1. jan. - 22. júlí	2019	2018	
Rauðvín	1005,0	1020,2	-1,5%
Hvítvín	651,1	611,1	6,5%
Freyðivín/ Kampavín	117,5	90,2	30,3%

Sala á hvítvíni það sem af er ári er um 6,5 prósent meiri á milli ára en sala á rauðvíni er 1,5% prósent minni. Það sem er athyglisverðast er að sala á freyðivíni og kampavíni hefur aukist um 30 prósent.

„Stundum er því haldið fram að sala hvítvíns endurspegli gott veður og það er kannski raunin í ár, þótt það séu eingöngu getgátur," segir Sigrún. Hún vill ekki meina að birgðastaðan sé í neinni hættu en upp getur komið sú staða að einstaka tegund seljist upp í landinu. „Almennt séð erum við góð í völuvali," segir hún.

Hvað aðrar tegundir varðar þá hefur sala lagerbjórs aukist um 2,3 prósent og annars bjórs, eins og til dæmis IPA og craft-bjórs, um 9,9 prósent. Sala blandaðra drykkja hefur aukist um 24,6 prósent og sterkra vína um 1,1 prósent. Þá hefur sala ávaxtavína eða svoköllaðra „cidera" minnkað um 12,5 prósent.

Fækkun ferðamanna hefur verið mikið til umræðu en Sigrún segist ekki geta metið áhrif hennar á áfengissölu. „Það getur verið að það hafi meiri áhrif á veitingahúsageirann en okkur," segir hún.

Það styttist í verslunarmannahelgina en vikan fyrir hana er annasamasti tími ársins í Vínbúðunum. 137 þúsund viðskiptavinir komu árið 2018 og seldir voru 756 þúsund lítrar. Föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgi er að jafnaði einn stærsti dagur ársins þegar litið er til fjölda viðskiptavina. – khg

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN NISSAN LEAF

Á SUMARKJÖRUM MEÐ FERÐAPAKKA

100% rafdrifinn Nissan Leaf er vinsælasti rafbíll landsins og sá mest seldi í heiminum. Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem dregur allt að 270 km.*

FORSALA ER HAFIN Á LEAF MEÐ 62kWh RAFHLÖÐU SEM DREGUR ALLT AÐ 385 KM.

Þeir sem tryggja sér nýjan Leaf í júlí fá að auki glæsilegan ferðapakka fyrir bílinn að verðmæti allt að 250.000 krónur.

Nissan Leaf Acenta.
Verð frá 4.390.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
120.000 KM

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM94764

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Jarðarberjahúsið sprakk og Einar bóndi opnaði bílaverkstæði

LANDBÚNAÐUR Framleiðsla á jarðarberjum í Sólbyrgi á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði hefur legið niðri eftir að plönturnar drápust er gróðurhúsið splundraðist í vetrarveðri og gríðarlegt rigningarsumar fylgdi í kjölfarið.

„Við lentum í óveðri í febrúar í fyrra og þá drápust plönturnar sem við ætluðum að nota um vorið. Svo fengum við seint og síðar meir loksins plöntur fyrir náð og miskunn og þá stytti ekki upp í níutíu daga. Við vorum því að lýsa allt sumarið. Og þá bara situr ekkert eftir af þessu,“

> **Svo fengum við seint og síðar meir loksins plöntur fyrir náð og miskunn og þá stytti ekki upp í níutíu daga.**
>
> Einar Pálsson, garðyrkjubóndi í Sólbyrgi

segir Einar Pálsson, garðyrkjubóndi í Sólbyrgi.

Einar segir þó standa til að vera í meiri garðyrkju. „En við höfðum bara ekki ráð á að kaupa plöntur í vetur eftir svona lélegt ár þannig að það er bara verið að reyna að redda sér dag fyrir dag,“ segir hann.

Einhver ræktun er þó enn í gangi í Sólbyrgi. Segir Einar að þau hafi fengið jarðarber í eitt lítið hús. Einnig er eitt hús með tómötum og að auki eru ræktaðar gúrkur.

„Við fórum í mikla fjárfestingu til að vera í vetrarræktun en rafmagnið hjá Rarik bara hækkar og hækkar og hækkar og við erum því miður bara hætt að sjá grundvöllinn fyrir því. Maður er fram á miðjan dag að vinna fyrir Rarik og þá er allt hitt eftir. Við erum ekki með neitt starfsfólk, erum bara í þessu, við og dóttir okkar.“

Einar er bifvélavirki og kveðst hafa dustað rykið af þeirri menntun. „Við opnuðum bílaverkstæði í vetur og erum bara að reyna að lifa af. Svo er hugmyndin að geyma hjólhýsi og fellihýsi í vetur og sinna viðhaldi á því. Við ætlum að reyna að vera farin að standa í lappirnar næsta vor svo við getum verið með jarðarber næsta sumar í einhverju alvöru magni.“ **– gar**

Einar Pálsson og garðyrkjufjölskyldan í Sólbyrgi siglir nú í mótbyr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Öll áhersla á að minnka hömlur

REYKJAVÍK Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í Reykjavík, segir það áherslu flokksins að losna við markaðshindranir á leigubílamarkaði.

„Í okkar huga snýst þetta ekki um eitthvert einstakt fyrirtæki, Uber eða eitthvert annað fyrirtæki, heldur snýst þetta um markaðshindranir. Það er okkar stóra afstaða í þessu, við viljum náttúrulega ekki vera með markaðshindranir líkt og fyrirkomulagið er í dag. Það er fyrst og síðast það sem við viljum laga,“ segir Þórdís Lóa.

„Loftslagsmál, umferðarmál í borginni og fleira er í rauninni annars eðlis og allt önnur umræða.“ **– ab**

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Horfur úr stöðugum í neikvæðar

VIÐSKIPTI Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti í gær lánshæfismat Íslandsbanka, Arion Banka og Landsbankans í BBB+/A-2. Þrátt fyrir það breyttust horfur allra bankanna þriggja úr stöðugum í neikvæðar.

Ástæðurnar fyrir breyttum horfum má rekja til krefjandi rekstrarumhverfis fyrir íslenskar bankastofnanir sem einkennist af kólnandi hagkerfi, lækkandi vaxtaumhverfi, hárri skattlagningu og ójafnri samkeppnisstöðu við íslenska lífeyrissjóði. Mun þetta allt hafa leitt til lækkandi arðsemi hjá bönkunum.

Heilt yfir sé efnahagsleg áhætta íslenskra banka metin stöðug. **– ab**

Hætta á að atvinnuleysi fari í 28 prósent á næstu fimmtán árum

VR stofnaði nýlega framtíðarnefnd sem mun takast á við fjórðu iðnbyltinguna. Nefndarmaður segir að aðlaga verði vinnumarkaðinn og passa upp á að launafólk njóti góðs af sjálfvæðingunni.

KJARAMÁL Í vor setti VR á laggirnar framtíðarnefnd og tekur hún til starfa í ágúst. Ástæðan er fjórða iðnbyltingin og aukin sjálfvirkni í atvinnulífinu. Friðrik Boði Ólafsson, nefndarmaður og tölvunarfræðingur, segir meginhlutverk framtíðarnefndarinnar að gæta þess að fjórða iðnbyltingin verði ekki aðeins atvinnurekendum til hagsbóta.

„Eftir því sem tækninni fleytir fram, á síauknum hraða, verður erfiðara að finna jafnvægi á vinnumarkaði,“ segir Friðrik. „Fjöldi starfa mun glatast og önnur skapast í staðinn. Það þarf að greina hvaða störf þetta eru og aðstoða fólk við að laga sig að því.“

Eiginleg stefnumótun nefndarinnar hefur ekki farið fram en að sögn Friðriks standa vonir til þess að hún muni hafa leiðandi áhrif á störf félagsins á komandi árum. Önnur verkalýðsfélög hafa ekki enn stigið þetta skref en þessi málefni voru þó rædd á síðasta þingi Alþýðusambandsins. Fyrir rúmu ári setti ríkisstjórnin slíka nefnd á laggirnar til að takast á við tæknibreytingar.

„Það sem við munum leggja áherslu á er að sjálfvæðingin skili sér í þágu launafólks. Til dæmis í styttingu vinnuvikunnar,“ segir Friðrik. Launaþróun mun einnig horfa til verri vegar fyrir verkafólk verði ekkert að gert, það sýni sagan. „Hraðinn á sjálfvæðingunni núna er hins vegar fordæmalaus og við þurfum að grípa þá sem finna sig ekki í þessu breytta hagkerfi.“

Friðrik Boði segir að sjálfvæðingin eigi ekki aðeins við um láglaunastörf, störf lögfræðinga og lækna gætu horfið.

> **Hér má ekki myndast samfélag þar sem yfirstéttin þarf ekki á starfsfólki að halda og aðrir verði bæði atvinnulausir og valdalausir**
>
> Friðrik Boði Ólafsson. **tölvunarfræðingur og nefndarmaður í framtíðarnefnd VR.**

Friðrik segir að einhæf störf séu í mestri hættu á að hverfa fyrst. Þetta eru til dæmis afgreiðslustörf og sú þróun er þegar hafin í stórverslunum, með sjálfsafgreiðslukössum. Hafa ber í huga að afgreiðslufólk hefur í áratugi verið bakbeinið í VR.

„Það sem kemur kannski á óvart er að þessi störf eru alls ekki alltaf láglaunastörf,“ segir Friðrik. „Þetta á við um til dæmis fólk sem starfar í lögfræðigeiranum og lækna. Stór hluti þeirra vinnu mun verða sjálfvæddur í framtíðinni.“

Ef störf sem glatast verða mun fleiri en þau sem skapast mun verða mikið atvinnuleysi. Friðrik bendir á að svörtustu spár segi að 28 prósent íslensks vinnumarkaðar eigi verulega á hættu að verða sjálfvæddur á næstu 15 árum og önnur 60 prósent séu í nokkurri hættu.

„Hér má ekki myndast samfélag þar sem yfirstéttin þarf ekki á starfsfólki að halda og aðrir verði bæði atvinnulausir og valdalausir,“ segir Friðrik. „Ég sé ekki hvernig hægt er að hafa samfélagslegan stöðugleika með svo hátt atvinnuleysi.“

Leiðir til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna, að mati Friðriks, eru endurmenntun og að gefa starfsfólki meiri rödd á vinnustöðunum. Sjálfvæðingin verði að vera innleidd á þann hátt að starfsfólk geti aðlagast henni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Landeigendur krefja Vegagerðina svara

UMHVERFISMÁL Hluti landeigenda Seljaness í Reykhólasveit hefur sent Vegagerðinni bréf þar sem einhliða yfirtöku á vegi um Seljanesland er mótmælt. Fram kemur að landeigendur hafi ekki heimilað Vegagerðinni þau afnot af veginum sem nú hafi verið framseld til einkahlutafélags.

Í samningi um framsal vegarins frá 19. júní síðastliðnum sé um að ræða allt önnur not en voru grundvöllur yfirtöku stjórnvaldsins á veginum og veghaldi árið 2004. Með þessu sé verið að breyta landsvegi í virkjanaveg vegna Hvalárvirkjunar.

Landeigendur mótmæla einnig harðlega að samkvæmt samningnum sé gert ráð fyrir að akbraut og vegsvæði kunni að verða allt að tólf metra breitt. Slíkt athafnasvæði sé algjörlega órökstutt og styðjist ekki við nein málefnaleg sjónarmið.

Þá benda landeigendur á að eignarrétturinn að landinu tilheyri þeim samkvæmt stjórnarskrá. Umræddir landeigendur eru afkomendur síðustu ábúenda í Seljanesi og segjast vinna að náttúruvernd í anda foreldra sinna. Þeir hafni því alfarið að land sitt sé notað í virkjanatilgangi.

Landeigendurnir eru ósáttir við framkvæmdirnar og vilja ekki að vegur sem fer í gegnum þeirra land verði notaður. MYND/GUÐMUNDUR ARNGRÍMSSON

Í niðurlagi bréfsins er óskað tafarlausra viðbragða Vegagerðarinnar þar sem fram komi gögn sem styðji sjónarmið um eign þeirra á veginum, auk rökstuðnings fyrir framsali á tólf metra breiðri spildu úr landi Seljaness með framsali veghalds til þriðja aðila. **– sar**

SUZUKI

Way of Life!

SWIFT MILD HYBRID

FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG

HYBRID

Suzuki Swift er fáanlegur með 1.0l Boosterjet Mild Hybrid tvinnaflsrásarvél.
Suzuki Ignis og Suzuki Baleno eru einnig fáanlegir með Mild Hybrid búnaði.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fáanlegir **beinskiptir.**

VERÐ KR.
2.880.000

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

FA segir hagsmuni neytenda ekki í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FA segir afurðastöðvar búa til skort

LANDBÚNAÐUR Félag atvinnurekenda (FA) sakar afurðastöðvar um að hafa búið til skort á lambahryggjum og hryggsneiðum sem hafi leitt til verðhækkunar. Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur lagt til að gefinn verði út tímabundinn innflutningskvóti á lækkuðum tollum til að bregðast við þessum skorti.

„Það hefur legið fyrir vikum saman að það stefndi í skort á lambahryggjum, en afurðastöðvar hafa sagst eiga nóg og ráðuneytið látið þar við sitja. Nú, þegar stutt er í að skortur bitni á neytendum, kemur loks þessi ófullnægjandi tillaga frá nefndinni," er haft eftir Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra FA, í tilkynningu.

Ólafur segir að niðurstaðan verði líklega sú að loks þegar tekist hafi að flytja kjöt til landsins verði sláturtíð í þann veginn að hefjast. Málið sé dæmi um öfugsnúið kerfi þar sem hagsmunir neytenda séu ekki í fyrirrúmi.

„Innlendar afurðastöðvar hafa selt lambahryggi til útlanda í stórum stíl, á verði sem er miklu lægra en það sem innlendri verslun stendur til boða," segir Ólafur. **– sar**

Bandarísku starfsfólki fækkar hjá Huawei. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjöldauppsagnir hjá Huawei í Bandaríkjunum

TÆKNI Kínverski tæknirisinn Huawei hefur sagt upp tveimur af hverjum þremur starfsmönnum Futurewei, rannsóknardeildar fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Reuters greindi frá þessu í gær.

Uppsagnirnar eru afleiðing þess að ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta setti Huawei á hinn svokallaða svarta lista og þar með viðskiptabann á fyrirtækið. Bannið kemur sér afar illa fyrir Huawei, sem reiðir sig að miklu leyti á bandaríska tækni á borð við Android-stýrikerfið frá Google og örflöguhönnun frá breska fyrirtækinu ARM, sem að hluta byggir á bandarískri tækni.

Alls var 600 starfsmönnum af 850 sagt upp. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif það hefur á starfsemina. Viðskiptabannið hefur gert rannsóknarstarfið í Bandaríkjunum afar erfitt þar sem móðurfyrirtækið Huawei má í raun ekki nýta nema lítinn hluta rannsóknarvinnunnar.

Að því er Engadget greinir frá eru starfsmenn Huawei í Bandaríkjunum í heild þó enn um 1.200 talsins. Flestir þeirra vinna við neytendaþjónustu, almannatengsl og birgðastjórnun. Þessi tala hefur sömuleiðis lækkað ört og ekki er útlit fyrir að staða fyrirtækisins vestan hafs lagist nema Kína og Bandaríkin komist að samkomulagi um nýjan fríverslunarsamning sem í senn afléttir viðskiptabanninu. **– þea**

Lítill vinskapur

Þessir suðurkóresku mótmælendur virtust ekki sérlega hrifnir af Shinzo Abe, japanska forsætisráðherranum, í gær þegar þeir klipptu í sundur mynd af honum fyrir utan japanska sendiráðið í Seúl. Kastast hefur í kekki á milli ríkjanna og deila þau nú bæði um nýjar og hertar reglugerðir Japana um útflutning til Suður-Kóreu sem og bætur til Kóreumanna sem unnu nauðungarvinnu er Japanar héldu Kóreuskaga. NORDICPHOTOS/AFP

Thatcher með hamslaust hár

Boris Johnson verður forsætisráðherra Bretlands í dag. Vann stórsigur í leiðtogakjöri Íhaldsflokksins. Líkurnar á samningslausri, og dýrri, útgöngu úr ESB aukast með kjöri Johnsons. Donald Trump fagnar.

BRETLAND Boris Johnson, fyrrverandi utanríkisráðherra Breta, gengur á fund Bretlandsdrottningar í dag þar sem hann fær að öllu óbreyttu heimild til að mynda ríkisstjórn og þannig verða forsætisráðherra landsins. Tekur hann við af Theresu May.

Þetta kom í ljós í gær þegar tilkynnt var um að meðlimir Íhaldsflokksins völdu hann fram yfir Jeremy Hunt, núverandi utanríkisráðherra. Niðurstöðurnar komu fæstum, jafnvel engum, á óvart enda hafði Johnson mælst mun vinsælli í öllum skoðanakönnunum. Hann fékk rétt tæplega tvöfaldan atkvæðafjölda Hunts.

„Við munum klára Brexit þann 31. október og nýta okkur þau tækifæri sem þá bjóðast," sagði Johnson í sigurræðu sinni og bætti við: „Við munum fá sjálfstraustið á ný. Líkt og sofandi risi munum við vakna upp og hrista af okkur bönd efa og neikvæðni."

Hunt sagðist aftur á móti afar vonsvikinn í viðtali við breska ríkisútvarpið. Sagði að Johnson myndi standa sig vel og að hann hefði óbilandi trú á Bretlandi. „Þetta var alltaf að fara að vera erfitt fyrir okkur af því ég greiddi atkvæði gegn útgöngu. Ég held að mörgum flokksmönnum hafi þótt mikilvægt að styðja einhvern sem greiddi atkvæði með Brexit. Þetta var, svona eftir á að hyggja, óyfirstíganleg hindrun," sagði utanríkisráðherrann.

Það er einmitt Brexit sem þetta snýst allt saman um. Hvað sem líður kyrrsetningu breskra skipa á Persaflóa eða vá sem stafar af mögulegri þátttöku hins kínverska Huawei í fjarskiptauppbyggingu tröllríður útgöngumálið allri stjórnmálaumræðu á Bretlandi.

Johnson hefur heitið því að halda í samþykktan útgöngudag, 31. október, hvað sem öðru líður.

Johnson vann leiðtogakjörið með miklum yfirburðum. Fékk nærri tvöfalt fleiri atkvæði en Hunt. NORDICPHOTOS/AFP

> **Þau kalla hann Bretlands-Trump. Fólk segir að það sé gott, þau kunna vel við mig þarna.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Hann vill ekki fresta útgöngu líkt og May-stjórnin gerði eftir að þingið hafnaði samningnum sem hún náði við Evrópusambandið. Útgöngu var áður frestað vegna þess að hvorki þing né ríkisstjórn vildu ganga út án samnings en ef marka má orð Johnsons væri samningslaus útganga, sem varað hefur verið við að yrði afar dýrkeypt, engin fyrirstaða.

Óttinn við samningslausa útgöngu sem og umdeild persóna Johnsons, sem í gegnum tíðina hefur til að mynda líkt konum í búrkum við póstkassa, ESB við Hitler og Napóleon, sagt asískt fólk yfirburðagreint og svart fólk heimskt og sagt ósatt um fjárhagslegan ávinning Brexit, leiddi strax í gær til afsagnar nokkurra ráðherra.

Anne Milton menntamálaráðherra sagðist til að mynda segja af sér vegna þess að það væri þörf á skynsemi í útgöngumálinu og David Gauke, dómsmálaráðherra og mikill andstæðingur samningslausrar útgöngu, gerði slíkt hið sama. Áður höfðu fjármálaráðherra, aðstoðarutanríkisráðherra og menningarmálaráðherra sagt af sér þar sem þau gátu ekki hugsað sér að starfa undir Johnson.

Kjöri hins umdeilda Johnsons var misjafnlega tekið úti í heimi og utan Íhaldsflokksins. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði af og frá að Johnson nyti stuðnings þjóðarinnar. Frans Timmerman, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, varaði svo við því að May-samningnum yrði kastað fyrir borð.

Öllu glaðari var Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, er sagði Johnson bæði harðan af sér og greindan. „Þau kalla hann Bretlands-Trump. Fólk segir að það sé gott, þau kunna vel við mig þarna. Boris er góður, hann mun standa sig vel," sagði forsetinn.

Newt Gingrich, fyrrverandi forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings og mikill stuðningsmaður Trumps, tók í sama streng og sagði spennandi tíma fram undan. „Skriffinnarnir hjá Evrópusambandinu munu sjá að hann er mun klárari og seigari en fyrirrennarinn. Ímyndið ykkur Margaret Thatcher með hamslaust hár." **thorgnyr@frettabladid.is**

Skrautlegur Boris Johnson

Nýr forsætisráðherra Bretlands og leiðtogi Íhaldsflokksins hefur aldrei átt í erfiðleikum með að koma sér í sviðsljósið. Fáir komast með tærnar þar sem Boris Johnson hefur hælana í því að láta ná af sér skemmtilegum ljósmyndum. Þá sérstaklega er hann gegndi embætti borgarstjóra Lundúna.

HONDA

MEIRA **ÖRYGGI**

MEIRA RÝMI

JAZZ

SÉRVALDIR BÍLAR
Á TILBOÐSVERÐI

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Nýju fötin keisarans

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Siglum Brexit heim, sameinum landið og sigrum Jeremy Corbyn. Þetta hafa verið einkunnarorð Boris Johnson í baráttunni um forsætisráðherrastólinn. Ljóst er að nýs þjóðarleiðtoga bíða ærin verkefni ef loforðin á að efna enda þarf Johnson að starfa í hinu sama þingi og hefur hingað til fellt allar útfærslur útgöngunnar.

Allar tölur sýna að Bretar eru enn klofnir í afstöðu sinni til útgöngu úr Evrópusambandinu. Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins og fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar, lýsti í gær yfir þungum áhyggjum af kjöri hins nýja leiðtoga Íhaldsflokksins. Stuðningur við sjálfstætt Skotland er nú sá mesti frá árinu 2015, samkvæmt nýlegri könnun. Í henni segjast 49 prósent Skota vilja lýsa yfir sjálfstæði frá Bretlandi og 51 prósent er andvígt sjálfstæði.

Þrátt fyrir gífuryrði Boris á leið sinni að Downingstræti bólar ekkert á nýjum hugmyndum um hvernig megi höggva á Brexit-hnútinn sem ekki bifast. Boris segist ekki hræddur við hart Brexit – hann leiði þjóðina út, hvað sem tautar og raular. Ekki er auðvelt að sjá hvernig sú óbilgjarna afstaða spilar með diplómatísku markmiði hans um að sameina þjóð sem er klofin í herðar niður í afstöðu sinni til málsins.

Í Brussel var kosningu Johnsons mætt með yfirlýsingu um að kröfur hans inn í viðræður um útgöngu væru óraunhæfar. Aðalsamningamaður Evrópusambandsins óskaði eftir uppbyggilegu samstarfi við forsætisráðherrann um fullgildingu útgöngusamnings fráfarandi forsætisráðherra, Theresu May, sem Boris hefur hingað til lýst sem dauðum samningi.

Í baksýnisspeglinum er óhætt að halda því fram að May hafi sýnt ótrúlega seiglu í viðleitni sinni til að koma Bretum úr Evrópusambandinu í flokki þar sem allt logaði stafnanna á milli og samflokksmenn reyndust henni erfiðustu andstæðingarnir. Fyrir þeim hópi fór, líkt og frægt er orðið, hentistefnumaðurinn sem nú er orðinn forsætisráðherra. Svo felldi breska þingið einfaldlega allt sem boðið var upp á, þótt May hafi raunar í tvígang komist ansi nálægt samkomulagi.

Tækifærissinninn hafði vinninginn að sinni sé miðað við úrslitin í Westminster í gær. Sigurinn var fyrirsjáanlegur. Þróunin víðar en í Bretlandi sýnir að popúlismi kemur mönnum langt. Meinið fyrir popúlistana er að með tímanum þarf að sýna fram á efndir.

Þá stendur eftir þriðja kosningaloforð hentistefnumannsins. Ef ekki tekst að greiða úr Brexit-flækjunni með Boris í fararbroddi verður fróðlegt að sjá hvaða árangri flokkur hans nær í næstu þingkosningum.

Nú er verkefni Boris einfaldlega að sanna að keisarinn sé í klæðum.

> **Þrátt fyrir gífuryrði Borisar á leið sinni að Downing stræti bólar ekkert á nýjum hugmyndum um hvernig megi höggva á Brexit-hnútinn sem ekki bifast.**

Halldór

Frá degi til dags

Orkupakkastjórnarskráin

Það er orðið ansi loftlaust í bergmálshelli þeirra sem telja þriðja orkupakkann upphaf og endi alls ills. Birgir Ármannsson þingflokksformaður var fljótur að skjóta niður hugmyndir um kosningar meðal almennra flokksmanna. Málið hafi farið inn í þingflokkinn án andmæla og engin ástæða væri til að ætla að það hefði breyst. Fyrir utan að málið væri alls ekki svo stórt að það þurfi frekari umfjöllun eða gagnrýni. Mætti halda að næsta skref orkupakkaandstæðinganna væri að krefjast stjórnarskrár þar sem almenningur gæti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál.

Uber eða ekki Uber

Viðreisn hefur gert upp við sig hvort flokkurinn sé hrifnari af frjálsum viðskiptum eða að halda friðinn í meirihlutanum í borginni. Líkt og fram kom í blaðinu í gær hefur formaður skipulags- og samgönguráðs efasemdir um komu farveitunnar Uber vegna mögulegra áhrifa á umferðina. Oddviti Viðreisnar leggur, líkt og þingflokkurinn, áherslu á afnám markaðshindrana án þess þó að nefna Uber neitt sérstaklega. Borgarfulltrúi flokksins fullyrðir að enginn ágreiningur sé um málið innan meirihlutans. Enginn veit hvort flokkurinn allur vill Uber eða ekki Uber.

arib@frettabladid.is

Froskar í suðupotti!

Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Ölfusi

> **Það sem ekki er hægt að þola er hins vegar að storma þjóðinni í fang yfirþjóðlegs valds á fölskum forsendum.**

Dæmisagan um hvernig best sé að sjóða frosk lifandi er á þann veg að það sé röng leið að setja hann beint í sjóðandi vatn. Þá skynji hann hættuna og hoppi upp úr. Sé hann hins vegar settur í volgt vatn og hitastig þess svo hækkað hægt og rólega upp í suðumark, þá liggi hann rólegur allt þar til að hann er í senn dauður og mauksoðinn. Stundum velti ég því fyrir mér hvort aðildin að EES-samningnum sé í raun hið ylvolga vatn sem endar við suðumark aðildar að ESB.

Sá hluti EES-samningsins sem snýr að aðlögun að ESB er að verða meira áberandi eftir því sem tímanum fram vindur. Geta þingmanna til að stjórna í sínu landi sé að verða frekar táknræn en raunveruleg. Alþingi sé stimpilstofnun á tilskipanir.

Þetta sést ekki hvað síst í umræðu um hinn blessaða Orkupakka 3. Þar, og víðar, birtist það sem ætið lá í augum uppi, að EES-samningurinn er hreinlega undirbúningur að inngöngu í ESB. Hugsaður þannig af ESB, hannaður þannig af sambandinu og undirritaður af fulltrúum okkar.

Um þetta þarf í raun ekki að efast. Á vefsíðu ESB segir að samningurinn sé: „... hannaður sem eins konar biðstofa fyrir hlutlaus EFTA-ríki“ („Designed as a sort of waiting-room for the neutral EFTA states ...“). ESB skilgreinir samninginn enda ekki sem viðskiptasamning heldur „association agreement“. Eðlileg þýðing á því orði væri „sambandssamningur“ en utanríkisráðuneytið þýðir það af einhverjum ástæðum sem „samstarfssamning“.

Það er auðvelt að bera virðingu fyrir afstöðu þeirra sem ganga vilja í ESB. Fyrir því eru mörg sterk rök. Það er ekki síður auðvelt að virða gagnstæða afstöðu enda liggja ekki síður sterk rök þar að baki. Það sem ekki er hægt að þola er hins vegar að storma þjóðinni í fang yfirþjóðlegs valds á fölskum forsendum. Íslendingar eru ekki froskar í suðupotti.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

Fjölbreytileiki lífríkis og ábyrgð Íslendinga

Högni Hansson kennari við Stofnun um umhverfisvernd og loftslagsbreytingar við háskólann í Lundi

Úlfur Árnason prófessor emeritus í erfðafræði við háskólann í Lundi

Nú á dögum kemur hver skýrslan á fætur annarri um tegundadauða og ástand lífríkisins. Sumir sérfræðingar telja að útrýming jurta- og dýralífs sé jafn hættuleg framtíð okkar á jörðinni og loftslagsbreytingarnar.

Íslendingar hafa ekki úr háum söðli að detta þegar rætt er um fækkun tegunda og umhverfisvernd. Saga okkar er ekkert ofsögur. Forfeður okkar komu að skógiklæddu landi en tókst á stuttum tíma að eyða skóginum uns aðeins litlar leifar voru eftir. Geirfuglinn er samt sú tegund sem flestir munu nefna ef spurt væri um útrýmingu tegunda á Íslandi. Haförninn var í stórri hættu þegar hann var friðaður 1923. Gróðureyðingin vegna ofbeitar er annað þekkt dæmi sem hver og einn getur séð. Stórfelldasta aðgerðin sem breytti vistkerfinu var þurrkun votlendis sem varð til þess að fjöldi mófugla hvarf þegar kjörlendi þeirra var spillt. Önnur hætta sem ógnar lífríkinu eru ágengar tegundir sem íslenskar tegundir geta ekki keppt við. Skýrasta dæmið er minkurinn sem á engan óvin meðal annarra tegunda sem ógna honum. Lúpínan er annað dæmi um ágenga tegund.

Allt eru þetta dæmi úr fortíðinni þó ekki sé langt um liðið síðan sumt af þessu átti sér stað. Hvernig skyldi ástandið vera núna? Hér fylgja nokkur dæmi sem líta má á sem víti til varnaðar.

Eitt dæmið snertir aðgerðarleysi við verndun silungsstofna við framkvæmdir, t.d. laxastigabyggingu, sem veita laxi inn á svæði þar sem fyrir eru staðbundnir og aðlagaðir silungsstofnar. Þetta á einkum við urriðastofna þar eð urriðinn ver í mörgum tilvikum ákveðin svæði og veiðist því upp á skömmum tíma á svæðum þar sem laxveiðar leyfast.

Annað dæmi snertir lostaveiði í Þingvallavatni þar sem svokallaður stórveiðimaður veiðir samkvæmt frétt 174 urriða og sleppir svo fiskunum aftur í vatnið. Þeir fiskar sem lifa af hrekjast að öllum líkindum frá þeim svæðum sem þeir hafa tileinkað sér. Að leyfa niðslu sem þessa í sjálfum þjóðgarði Íslands er háðulegt auk þess sem atferlið veldur röskun á þeim stofni eða deilistofni sem um er að ræða.

Þriðja dæmið víkur að veiði á ígulkerjum og öðrum botnbundnum lífverum. Við þessar veiðar eru notaðir plógar sem rífa upp hafsbotninn og getur hver sem er ímyndað sér hvernig umhorfs er þar sem plógnum hefur verið beitt.

Eitt síendurtekið dæmi er laxeldi í sjó. Ótal sinnum hafa borist fréttir um laxa sem sleppa úr kvíum án þess að framleiðandinn geti einu sinni gert grein fyrir hve margir sluppu. Hér er sleppingin eða strokið samt ekki aðalmálið heldur þær stórfelldu lífríkisskemmdir sem tengjast þessum framkvæmdum. Hér er ferlið augljóst þar sem dæmin eru fjölmörg frá Noregi, Skotlandi og Írlandi. Við látum okkur nægja þessi dæmi, en af nógu er að taka.

Hugsanleg skýring á því sem gerðist fyrir aldamótin 2000 er þekkingarleysi. Guðmundur Bárðarson varaði við að færa minkinn inn í landið, en í mörgum hinna dæmanna virðast menn hafa verið í góðri trú. Hvað er að segja um nýjustu dæmin? Lítið sem ekkert virðist hafa verið gert til að sporna við skaðlegu framferði þrátt fyrir að hættan fyrir lífríkið sé augljós. Laxeldið er svo til það eina sem virðist vera til umsagnar í fjölmiðlum á sama tíma og sókn í annað líf og vistarverur þess er ekki til umræðu.

Svo virðist sem verndun lífríkisins á Íslandi sé veikburða og sundruð á margan hátt og nauðsyn sé á breytingu í stjórnun þessara mála. Í þessu skyni ættu umhverfisyfirvöld að hafa yfirumsjón og heildareftirlit með öllum þeim aðgerðum sem snerta íslenska náttúru og íslenskt lífríki. Hér virðist það vera aðkallandi að gera þær breytingar á löggjöfinni sem nauðsynlegar eru til að gera náttúruverndinni hærra undir höfði en nú er þar sem núverandi umræða virðist í stórum mæli snúast um auðlindir. Þannig virðist verndun þess hluta lífríkisins sem ekki telst til auðlindanna mæta afgangi og stjórnun þess vera á valdi þeirra sem hafa takmarkaðan vilja til að vernda þetta ríki.

Brottfall tegunda, afbrigða og deilitegunda vekur minni athygli. Aðgerða er þörf.

Umræðan virðist snúast meira um þá röskun sem sést með berum augum eins og utanvegaakstur, en ekki þau spjöll sem eru falin á sjávarbotni. Brottfall tegunda, afbrigða og deilitegunda vekur minni athygli. Aðgerða er þörf.

Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?

BÓKHALD | LAUN | SKATTUR | RÁÐGJÖF

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

HK-ingur inn að hjartarótum

Valgeir Valgeirsson, leikmaður HK, hefur farið mikinn í liðinu. Hann stefnir hátt en er þó með báða fæturna á jörðinni. Hann er gríðarlega vinsæll meðal iðkenda HK sem hann þjálfar og nýtur þess að þjálfa hjá félaginu sem hann elskar.

Valgeir fyrir utan Kórinn með nokkra af drengjunum sem voru hjá honum á æfingum. Nánast alla dreymir um að feta í fótspor hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FÓTBOLTI „Auðvitað þýðir ekkert að slá slöku við. Maður þarf að sinna sínum störfum hér í HK," segir Valgeir Valgeirsson, leikmaður HK, en hann er aðeins 16 ára gamall og hefur slegið í gegn í sumar. Hann hefur spilað 11 leiki og skorað tvö mörk. Guttinn krækti svo í víti gegn FH á mánudag eftir að hafa sólað nánast hálft FH-liðið upp úr skónum. Guðmann Þórisson, varnarbuff FH, kippti löppunum undan honum og er trúlega enn að snúast í hringi inn í teignum eftir hreyfingu Valgeirs. Guðmann, sem mótmælir yfirleitt öllu, hvort sem það er tilefni til þess eða ekki reyndi ekki einu sinni að malda í móinn yfir dómi Þorvaldar Árnasonar sem hélt um flautuna.

Valgeir svífur þó ekki um á bleiku skýi. Hann er jarðbundinn drengur sem var mættur til að sinna fótboltaskóla HK þar sem hann er gríðarlega vinsæll meðal iðkenda. Einn bað hann meira að segja, þegar Valgeir var búinn með æfinguna og á leið í viðtalið, að fresta för sinni í atvinnumennsku svo að þeir gætu spilað saman í HK.

„Á undirbúningstímabilinu fékk ég nokkra leiki. Byrjaði tvo leiki og kom inn á í nánast hverjum leik. Svo fór ég á fund fyrir tímabilið með Brynjari Birni, þjálfara, og hann lofaði að ég myndi fá einhverjar mínútur. Ég tók því fegins hendi. Ég spilaði með öðrum flokki og reyndi að sanna mig þar líka til að Brynjar og Viktor Bjarki, aðstoðarþjálfari, gætu ekki litið fram hjá mér. Ég kom inn á gegn Víkingi og byrjaði á móti ÍA og alveg frá fyrstu mínútu var ég staðráðinn í að halda mér í liðinu. Að æfa aukalega og æfa af krafti og hafa trú á mér hefur skilað mér hingað finnst mér."

Núna þegar maður er kominn með meira sjálfstraust í meistaraflokki þá þýðir ekkert annað en að rífa kjaft við þessa gæja. Láta finna aðeins fyrir sér og pirra þá.

Mamma tók mataræðið í gegn

Þrátt fyrir að vera aðeins 16 ára er Valgeir búinn að taka mataræði sitt algerlega í gegn. Móður hans leyst ekkert á blikuna og tók guttann á beinið. „Ég borðaði ekkert hollt í fjórða og þriðja flokki en mamma tók í mig og fór að láta mig borða hollara fæði. Ég hef fylgt því og mér finnst það hafa skilað miklu. Ég er í miklu betra formi eftir að ég fór að hlusta á mömmu," segir hann hress.

Hann segir einnig að hann sé yfirleitt mættur fyrr á aukaæfingar og noti enn tvær æfingar til að rekja boltann sem hann lærði í fjórða flokki. „Það er líka að skila sér. Ég er með æfingar sjálfur sem ég geri. Ég er að notast við æfingar sem Arnar Hallsson, núverandi þjálfari Aftureldingar, kenndi mér í fjórða flokki. Ég nota þær stöðugt."

Viðureign Valgeirs og reynsluboltans Davíðs Þórs Viðarssonar vakti athygli í leiknum gegn FH en Davíð þurfti að grafa djúpt í reynslubankann til að reyna að skáka drengnum. „Ég hafði gaman af þessu. Ég er svolítið svona leikmaður og núna þegar maður er kominn með meira sjálfstraust í meistaraflokki þá þýðir ekkert annað en að rífa kjaft við þessa gæja. Láta finna aðeins fyrir sér og pirra þá. Ég fylgist vel með fótbolta og veit vel hver Davíð er og þetta var skemmtileg viðureign.

Ef maður ætlar að ná langt í fótbolta þá þarf að stríða þeim aðeins. Það þýðir ekkert að vera bara inni á vellinum og láta valta yfir sig heldur þarftu að sýna hvað í þér býr."

Mikið breyst eftir fyrsta markið

Valgeir er alinn upp nálægt Fagralundi og bróðir hans þótti efnilegur knattspyrnumaður sjálfur. Hann segist vera mikill HK-ingur og styðji liðið í blíðu og stríðu. „Ég er HK-ingur fyrst og fremst og er ekkert að fara breyta um lið enda mikill HK-ingur í hjartanu þó fjölskyldan sé lítið í íþróttum. Bróðir minn var reyndar geggjaður í fótbolta en valdi lögfræðina. Elsti bróðir minn er lærður kvikmyndatökumaður og stjórnmálafræðingur, mamma er táknmálstúlkur og pabbi er bifreiðasmiður.

Á milli leikja þjálfar Valgeir í knattspyrnuskóla HK. Þar finnst honum gott að vera og strákarnir sem voru á æfingu þegar Fréttablaðið bar að garði vildu allir verða eins og hann. Feta í sömu fótspor. „Eftir markið gegn ÍA fóru allir að þekkja mig og sýna mér virðingu. Það er mjög skemmtilegt.

Þeir eru spenntir að sjá mig í fleiri leikjum og spyrja mikið um liðið og hvort ég sé ekki að fara að byrja og fleira.

Þeir eru glaðir að sjá mig koma á æfingar. Ég þekki líka marga í stúkunni þegar ég er að klappa fyrir áhorfendum eftir leiki. Þetta er alveg pínu skrýtið en samt skemmtilegt."

Liggur ekkert á

Valgeir hefur verið orðaður við hin og þessi lið að undanförnu en hann er sjálfur ekkert að drífa sig burt. „Ég er orðinn partur af liði í efstu deild og er á mjög góðum stað í HK. Ég er hjá Total Football, þeir eru að sjá um mín mál en ég er ekkert að drífa mig. Hér er ég að spila með stóru strákunum og æfa undir handleiðslu þeirra Brynjars og Viktors.

Það er gott að hafa þá og Brynjar hefur verið okkur innan handar með næstu skref. Hann hefur hjálpað mér að einbeita mér að deildinni og setja fókusinn á hana en ekki á næstu skref. Enda liggur ekkert á."

benediktboas@frettabladid.is

FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samraæmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.

DUX®

SUMARTILBOÐ

Xupport Plus Inspiration yfirdýna fylgir frítt með öllum sérpöntuðum rúmum í sumar.

(t.d. stærð 180x200cm að verðmæti 236.000 kr.)

Gildir til 13. ágúst.

DUXIANA
Ármúla 10
568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

24. JÚLÍ 2019 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1148 Loðvík 7. Frakkakonungur tók höndum saman við Konráð 3. Þýskalandskonung og Baldvin 3., konung Jerúsalem, í umsátri um Damaskus í annarri krossferðinni. Umsátrið mistókst hrapallega og Loðvík hélt heim þrátt fyrir andstöðu eiginkonunnar Elínóru. Þau skildu síðar.

1567 María Skotadrottning var neydd til að afsala sér völdum í hendur sonar síns, Jakobs 6.

1783 Fæddur Símon Bólívar, frelsishetja Suður-Ameríku (d. 1830).

1847 Mormónar undir forystu Brighams Young nema land í Utah.

1896 Nunnur koma til Íslands í fyrsta sinn eftir siðaskipti. Þær eru fjórar og setjast að til að annast hjúkrun og vitja sjúkra. Þetta er upphaf starfs St. Jósefssystra í Reykjavík og Hafnarfirði.

1902 Fæddur Sigurður S. Thoroddsen, íslenskur verkfræðingur, stjórnmálamaður og knattspyrnumaður (d. 1983).

1924 Alþjóða skáksambandið stofnað í París.

1933 Ferðafélag Íslands fer í sína fyrstu Þórsmerkurferð.

1956 Vinstri stjórnin, ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks undir stjórn Hermanns Jónassonar, tekur við völdum og situr í tvö ár.

1961 Júrí Gagarín, fyrsti geimfarinn, kemur við á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Kúbu, skömmu eftir að hann fór í fyrstu geimferðina.

1962 Fædd Sigríður Beinteinsdóttir, íslensk söngkona.

1969 Fædd Jennifer López, bandarísk leikkona og söngkona.

1979 Fæddur Birkir Jón Jónsson, íslenskur stjórnmálamaður.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Veiga Benediktsdóttir

Kvíarholti í Holtum,

lést miðvikudaginn 17. júlí.
Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 27. júlí kl. 11.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti Hjúkrunarheimilið Lund á Hellu njóta þess.

Ingibjörg Sigurðardóttir
Þórður Karlsson
Margrét Karlsdóttir
Fjóla Karlsdóttir
Þorsteinn Karlsson
Berglind Karlsdóttir
Ágúst Geirsson
Brynhildur Magnúsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Sigurður Steingrímsson
Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir
Arnar Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn og faðir,

Helgi Þór Guðmundsson

rafeindavirki,
Stakkhömrum 9, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum miðvikudaginn 17. júlí. Útför verður auglýst síðar.

Salóme Guðný Guðmundsdóttir
Auður Helgadóttir

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Álfheiður Unnarsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ mánudaginn 22. júlí.

Ingólfur Jóhannsson
Unnur V. Ingólfsdóttir
Jóhann Ingólfsson
Guðjón Magnússon
Jónína Daníelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Haraldur Sturlaugsson athafnamaður sjötugur

Afmælisbarnið og eiginkona hans ætla að eyða deginum í rólegheitum í faðmi fjölskyldunnar og gera eitthvað skemmtilegt með krökkunum.

Haraldur og Ingibjörg með barnaskaranum á góðri stund.

Haraldur Sturlaugsson athafnamaður er fæddur 24. júlí 1949 og er því sjötugur í dag.

„Séra Friðrik skírði mig Harald, foreldrar mínir fengu engu um það ráðið. Fjölskyldan kallaði mig „Hadda“ þegar ég var yngri. „Vinirnir í fótboltanum kölluðu mig Halla – en „Evrópuruddann“ eftir að ég varð fyrsti íslenski leikmaðurinn sem UEFA dæmdi í leikbann í Evrópukeppni 1975,“ segir Haraldur hlæjandi.

Sveitungar segja Harald fremur hlédrægan og látlausan mann en býsna fastan fyrir. Hann er sagður feiminn að eðlisfari og hógvær því oft hefur hann sig ekki mikið í frammi heldur lætur öðrum eftir sviðsljósið.

Snemma forstjóri

Haraldur fór til Englands í skóla eftir gagnfræðapróf og lauk prófi árið 1968 í ensku og verslunarfræðum frá Dane End College í Englandi. Árið 1970 lauk hann prófi frá Samvinnuskólanum á Bifröst. Að námi loknu hóf hann störf í fjölskyldufyrirtækinu HB & Co á Akranesi. Þegar faðir hans féll frá 1976 tók Haraldur alfarið við stjórnartaumunum aðeins 26 ára gamall. Framkvæmdastjórastarfinu gegndi hann í 35 ár. Auk þess að stýra fyrirtækinu sinnti hann margvíslegum trúnaðarstörfum á sviði íslensks athafnalífs, einkum sjávarútvegs.

Ræturnar: Skaginn og útgerð

„Rætur mínar eru á Skaganum og í útgerð,“ segir Haraldur. Hann er í sjötta ættlið útgerðarmanna allt aftur til Sturlaugs, útvegsbónda og sjósóknara í Rauðseyjum á Breiðafirði. „Afi sagði útgerðarblóðið frá Rauðseyjum.“

„Foreldrar mínir voru hjónin Sturlaugur H. Böðvarsson útgerðarmaður og Rannveig Böðvarsson húsmóðir. Afi minn Haraldur Böðvarssonar, hóf útgerð frá Akranesi árið 1906. Fyrirtækinu var stýrt af þremur ættliðum í 98 ár.“ Haraldur er næstelstur sex alsystkina, en auk þess átti Haraldur eldri hálfsystur sem nú er látin.

Haraldur giftist Ingibjörgu Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, árið 1972. Hún er fædd og uppalin á Hvolsvelli en réðst til starfa á Akranesi sem hjúkrunarfræðingur og þá lágu leiðir þeirra saman. „Að kynnast henni hefur reynst mín gæfa,“ segir hann.

Þau eiga fjóra syni, þá Sturlaug, framkvæmdastjóra Norebo Europe, Bretlandi, fæddan 1973; Pálma, viðskiptastjóra hjá Íslandsbanka, fæddan 1974; Ísólf athafnamann, fæddan 1979; og Harald, sölumann hjá Icelandair Cargo, fæddan 1989.

Við Ingibjörg eigum stolt 16 barnabörn. Þau eru guðsgjöf og okkur mikil uppspretta gleði.

Margvísleg áhugamál

Haraldur hætti sem framkvæmdastjóri árið 2005. Í dag sinnir Haraldur áhugamálum og fjölskyldunni.

Aðspurður um áhugamál segir Haraldur það aðallega vera knattspyrna. „Ég óx úr grasi á Akranesi á sjötta og sjöunda áratugnum á gullöld Skagamanna í fótbolta. Það voru góðir tímar. Ég spilað með Akranesliðinu frá 1966-1975 og nokkra landsleiki. Síðar var ég formaður Knattspyrnuráðs ÍA í nokkur ár,“ segir hann.

„Samfélagsmál hér á Skaganum hafa alltaf verið mér hjartfólgin. Ég hef m.a. unnið mikið með ljósmyndir og þá sögu er þær segja. Haldið ljósmyndasýningar og haldið úti vefsetri um ljósmyndirnar sem tengjast atvinnu- og íþróttasögu Akurnesinga.

„Fjölskyldan á mestan hug minn nú. Við Ingibjörg eigum stolt 16 barnabörn. Þau eru guðsgjöf og okkur mikil uppspretta gleði,“ segir hann.

Hvað ætlar athafnamaðurinn að gera á sjötugsafmælinu?

„Við ætlum að vera með fjölskyldunni í rólegheitunum, gera eitthvað skemmtilegt með krökkunum,“ segir afmælisbarnið Haraldur Sturlaugsson.

david@frettabladid.is

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Benediktsdóttir

frá Hólmavík,

lést á Droplaugarstöðum í Reykjavík laugardaginn 20. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 29. júlí kl. 15.

Ólafur Reykdal
Guðrún Björk Reykdal
Sigrún Edda Reykdal
Sigurður Sigurðsson
Þórarinn, Auðunn, Alexander og Sara Xiao.

†

Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

Ólafur Geirsson

andaðist 6. júlí sl.
Bálför fór fram í kyrrþey.
Þökkum starfsfólki í þjónustuíbúðum við Dalbraut, hjúkrunardeild aldraðra á Akranesi og hjúkrunarheimilinu Seltjörn ágæta umönnun.

Helga Björk Ólafsdóttir
Styrmir Geir Ólafsson
Geir Ólafsson
Anna Margrét Þorbjarnardóttir
Kristín Edda Óskarsdóttir
og barnabörn.

FÓLK
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 24. JÚLÍ 2019

Fólk er farið að nota garðana meira til útivistar.

Gott að ímynda sér garðpartí ársins

Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hefur hannað lóðir fyrir fólk frá árinu 1991. Hann segir færast í aukana að fólk vilji útivistargarða frekar en skrúðgarða. →2

Mömmumatur og meira til!

Hlaðborð alla virka daga
Kynningarverð 1.990 kr.

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat 6-12 ára hálft verð, frítt fyrir þau yngstu

Opið 11-21 virka daga

Matarbarinn
Heimilismatur – Mom's food
Laugavegi 178 – matarbarinn.is

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Ég útskrifaðist með seinna háskólaprófið í landslagsarkitektúr árið 1993 en ég var svona aðeins farinn að starfa við þetta árið 1991," segir Björn. Hann er mestmegnis í því að teikna garða fyrir fólk en veitir einnig ráðgjöf.

„Það eru til tvær tegundir af garðeigendum. Þeir sem eru að rækta upp blómagarð eða skrúðgarð og svo hinir sem vilja útivistargarða. Það er seinni hópurinn sem hefur verið að leita til mín. Þetta er fólk sem vill geta grillað úti í garði og vill nota garðinn mikið. Ég hanna alls kyns yfirbyggð svæði með hiturum og heitum pottum og ráðlegg fólki hvar það getur sett upp markísur og fleira. Fólk er miklu meira í því nú en áður að setja upp útieldhús, kampavínsveggi, eldstæði og föst húsgögn í garðinum"

Björn segir það nýjasta í garðhönnun vera smáhýsi. „Nú má byggja 15 fermetra smáhýsi í garðinum með tiltölulega litlum kvöðum. Fólk nýtir það mikið við að ná sér í geymslusvæði eða garðskála í garðinn. Það er alveg nokkuð borðleggjandi að það verða kynslóðaskipti í hverfunum og görðunum þegar eldra fólk flytur út einbýlishúsunum til að minnka við sig. Þá er það oft búið að safna plöntum í áratugi. Fyrir 30 árum voru pallar og stéttir yfirleitt þriðjungi minni. Þegar ég kom fyrst úr námi þá var ég kannski að teikna 15-20 fermetra palla. Núna er algengt að þeir séu 70-100 fermetrar.

Til að garðurinn nýtist vel sem útivistargarður er mikilvægt að hafa gott skjól. Björn segir að þá þurfi að huga að vindáttunum. „Það er alveg lykilatriði á Íslandi að ná fram góðu skjóli í góðviðrisáttum. Á höfuðborgarsvæðinu til dæmis þá eru það norðlægar áttir sem fylgja sól og björtu veðri. Ef þú nærð ekki góðu skjóli, þá geturðu bara gleymt þessu," segir Björn.

Björn segir algengt að búa til skjól með þaki svo hægt sé að nota garðinn allt árið. „Um leið og þú ert kominn með þak er þægilegt að grilla og þú getur verið með hitara undir þakinu. Stundum eru hús staðsett þannig að nánast ómögulegt er að búa til skjól. En þá er hægt a setja upp gróðurhús eða skála. Það eru alls konar lausnir í boði."

Björn teiknar garða fyrir fólk í þrívíddarforriti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Björn segir mikilvægt að búa til gott skjól svo garðurinn nýtist betur.

Björn segir vinsælt að setja upp smáhýsi í einkagörðum.

Mikilvægt að gefa sér tíma

„Það sem ég myndi fyrst og fremst ráðleggja fólki sem er að flytja í nýjan garð, hvort sem hann er gróinn eða ekki, er að gefa sér tíma. Ég er til dæmis yfirleitt með þriggja mánaða biðlista á mína þjónustu, það skánar aðeins í desember og lengist aðeins í maí júní. Fólk þarf fyrst og fremst að hugsa hvað það ætlar að gera, hvort sem það það hyggst nota hjálp landslagsarkitekts, eða skoða Pinterest til dæmis. Það eru alls konar leiðir til þess að fá hugmyndir," segir Björn.

Björn segir að ef fólk gefi sér tíma til að ákveða hvað það vill gera og láti teikna fyrir sig garðinn að vetri til og leiti eftir það til verktaka til að framkvæma þá sé líklegra að garðurinn geti verið tilbúinn að sumri til. „Ég ráðlegg fólki ekki að byrja að huga að framkvæmdum í maí og reikna með að garðurinn verði tilbúinn 17. júní.

> **Það er alveg lykilatriði á Íslandi að ná fram góðu skjóli í góðviðrisáttum.**
>
> **Björn Jóhannsson**

Ef fólk er í vandræðum með að fá hugmyndir um hvað það vill hafa í garðinum er sniðugt fyrir það að ímynda sér að það ætli að halda garðpartí ársins. Út frá því er hægt að spá í hvað þarf að vera til staðar. Það getur verið útieldhús, kampavínsveggur, grillstæði, eldstæði, sæti, gufubað. Ef fólk tekur þessa nálgun geta komið skemmtilegar hugmyndir," segir Björn.

Að lokum minnist Björn á að mikilvægt sé að hugsa um kolefnisspor þegar farið er í garðaframkvæmdir. „Mér finnst mikilvægt að leggja áherslu á umhverfisvænar lausnir. Það sem heillar mig mest er að endurnýta efni. Til dæmis ef fólk er að taka upp hellur í görðunum hjá sér að endurnýta þær þá. Það sama gildir um timbur. Ég væri meira að segja til í að fara í samstarf við Sorpu um að endurnýta efni frekar en að endurvinna það. Alveg eins er mikilvægt að hafa í huga lausnir með ofanvatnið. Við látum allt of mikið renna í afrennslislagnir, klóakið og yfirborðsfráveiturnar. Ég held það verði stórt mál í framtíðinni að halda því vatni sem rignir á lóðina hjá þér inni á lóðinni en veita því ekki burt."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Augun okkar

MIÐVIKUDAGUR 24. JÚLÍ 2019

Kynningar: Sjónlag, Magnús ehf.

Finndu frelsið án gleraugna

Sjónlag hefur verið í fararbroddi hérlendis þegar kemur að sjónlagsaðgerðum sem henta ólíkum hópum. Sjónlag býður upp á áhugaverðan kost fyrir fólk sem er með ský á augasteini. →2

Jónmundur Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjónlags, telur mikilvægt að fólk taki upplýsta ákvörðun áður en farið er í augasteinaskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Augnlæknar hjá Sjónlagi hafa framkvæmt á annan tug þúsunda laseraðgerða.

Framhald af forsíðu

Sjónlag býður upp á nýjan valkost fyrir þá sem eru með ský á augasteini. „Þú ert með augastein sem gefur mun betri nærsjón en þeir augasteinar sem hingað til hefur verið boðið upp á í opinbera kerfinu. Það er mjög mikilvægt fyrir fólk sem fer í þessar aðgerðir að taka upplýsta ákvörðun. Ákvörðunin felst í því að skoða alla kosti sem í boði eru á almennum markaði. Val á þjónustuaðila og lækni skiptir einnig máli. Það ættu allir að fá upplýsingar um alla mögulega kosti varðandi mismunandi augasteina sem í boði eru áður en ákvörðun er tekin um aðgerð. Við erum að kynna nýjan augastein sem býður upp á mun betri nærsjón í samanburði við þá augasteina sem mest eru notaðir hér heima. Hjá okkur er farið yfir alla möguleikana, eftir slíka yfirferð er fyrst hægt að taka upplýsta ákvörðun. Okkur ber að kynna alla valkosti fyrir fólki og skýra út mismuninn sem í þeim felst. Niðurstaðan getur verið að einfókus augasteinn sé besti kosturinn, það er samt ekki hægt að ákveða það fyrirfram," segir Jónmundur Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjónlags.

Það eru til nokkrar mismunandi gerðir augasteina. Monofocal eða einfókus er ódýrasti augasteinninn. „Við erum síðan að kynna nýjung sem er kærkomin viðbót, þessi augasteinn hentar vel aðilum sem eru með ský á augasteini og gera kröfur um betri nærsjón. Við erum að bjóða aðilum sem uppfylla skilyrði vegna skýs á augasteini slíka aðgerð á hagstæðum kjörum, 158.000 krónur staðgreitt, hver augasteinn."

„Mestu gæðin eru síðan svokallaður Multyfocal augasteinn eða fjölfókus sem gefur þér möguleika á því að vera algjörlega gleraugnalaus, en það er auðvitað einstaklingsbundið. Þetta þarf fólk að kynna sér, áður en ákvörðun er tekin um hvaða leið er farin. Þetta er mjög mikilvægt því ákvörðun núna mun hafa áhrif til framtíðar. Hjá okkur eru möguleikar metnir í forskoðun og ákvörðun tekin í framhaldi. Því miður þá eru ekki allir sem hafa möguleika á að fara í sjónlagsaðgerð en meirihlutanum getum við hjálpað," útskýrir Jónmundur.

Táralind notar hátæknibúnað í meðferðum sínum.

Aukin lífsgæði

Fyrir marga eru aukin lífsgæði fólgin í því að losna við gleraugun. Gleraugu geta verið hamlandi þáttur hjá fólki í leik og starfi. „Gleraugun geta verið til trafala hjá fólki sem stundar jaðarsport, útivist, hjá matreiðslufólki, íþróttamönnum svo eitthvað sé nefnt. Margir eru í vandræðum í sundi og ímyndum okkur sjómanninn sem er að byrja 30 daga túr og gleraugun skemmast eða tapast! Þarna erum við með fólk sem gerir kröfur og gleraugun eru hamlandi þáttur. Það eru aukin lífsgæði sem felast í því að vera laus við gleraugu," segir Jónmundur. Sjónlag býður upp á alla þá kosti sem boðið er upp á í dag, augasteina, linsuígræðslu og laser.

Undanfarin ár hefur fólk verið að spá æ meira í heilsuna og hafa laseraðgerðir notið mikilla vinsælda hjá fólki sem stundar alls konar sport. „Við erum eina stofan á landinu sem notar Femto laser þar sem gerður er flipi með lasergeisla en ekki hníf." Laseraðgerðin hefur verið vinsæl í mjög langan tíma og hún hentar fólki best á aldrinum 20-50 ára.

Önnur aðgerð sem hefur áhrif á sjónlag fólks er augasteinaskipti. „Í þeirri aðgerð er augasteini skipt út fyrir gerviaugastein, þessi aðgerð hentar fólki í kringum 50 ára og upp úr."

Þriðji valkosturinn er linsuígræðsla. „Þetta kallast ICL og þá er linsa grædd inn í augað og svoleiðis aðgerð hentar aðilum sem eru einhverra hluta vegna geta ekki farið í hinar aðgerðirnar. Til dæmis ef hornhimnan er of þunn eða sjónlagsgallinn er svo mikill að laser ræður ekki við það," útskýrir Jónmundur.

Augnlæknar hjá Sjónlagi hafa framkvæmt á annan tug þúsunda laseraðgerða og upp undir 10.000 augasteinaskipti.

Þægilegt ferli

Fyrir sjúklinginn er ferlið frekar einfalt. „Það er engin svæfing, inn og út sama dag. Aðgerðin tekur stuttan tíma, en allt hefst þetta á því að koma í forskoðun og þar er þetta allt saman metið þar sem sjóntækjafræðingur tekur við og fer í gegnum þína sjón. Síðan er farið yfir allt saman og metið hver sé besta leiðin fyrir viðkomandi einstakling. Einstaklingurinn tekur svo alltaf lokaákvörðun um hvaða leið hann velur, undir handleiðslu augnlæknis."

> **Okkur ber að kynna alla valkosti fyrir fólki og skýra út mismuninn sem í þeim felst.**
>
> **Jónmundur Gunnar Guðmundsson**

Í dag starfa átta augnlæknar hjá Sjónlagi en von er á þeim níunda í haust. „Ég stefni á að bæta við fleirum því þörfin er mikil. Við erum með tvo aðila sem geta gert laseraðgerðir, fjóra sem geta gert augasteinaaðgerðir og tvo sem geta gert linsuígræðslu. Þekkingarsvið okkar er gríðarlega breitt. Hér starfar þverfaglegt teymi augnlækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og sjóntækjafræðinga," segir Jónmundur.

Táralind

Hjá Sjónlagi er starfandi deild sem hjálpar fólki sem glímir við augnþurrk. Sjón getur verið skert vegna augnþurrks og margir þjást af augnþurrki. Til eru meðferðarúrræði við þessum kvilla sem margir vita ekki af. Ef þú ert með einkenni eins og sandur sé í auga, tár leka í köldu loftslagi, vindi eða jafnvel bara í sjónvarpssófanum þá er ráðlegt að panta tíma í Táralind og láta kanna stöðuna. Sjá nánar á taralind.is. Táralind notar fullkomin greiningartæki og notar hátæknibúnað í meðferðum. „Við erum að sjá mælanlegan og merkjanlegan árangur hjá fólki, sem er frábært."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

Vissir þú?

ÞAÐ ER EINFALDARA EN ÞIG GRUNAR AÐ LOSNA VIÐ GLERAUGUN.

Það er ekki bara ein leið í boði til að losna við gleraugun. Sjónlag er í fararbroddi á landinu hvað varðar tæknibúnað og þjónustu við sjúklinga. Kynntu þér málið og fáðu upplýsingar um alla þá kosti sem eru í boði.

AUGNSKOÐUN | AUGNLÆKNINGAR | LASERAÐGERÐIR | AUGNSTEINASKIPTI

GLÆSIBÆR – ÁLFHEIMAR 74 – 5. HÆÐ - 104 REYKJAVÍK

PANTAÐU TÍMA Í FORSKOÐUN

s. 577 1001
sjonlag.is eða heilsuvera.is

sjónlag

SJÁÐU BETUR

Mikilvægt að ná til allra

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hefur að markmiði að veita fólki þjónustu til að auðvelda því fulla þátttöku í samfélaginu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Margrét segir að sá hópur sem notar þjónustuna sé fjölbreyttur FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Margrét María Sigurðardóttir, forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar, segir að miðstöðin sé með upp undir 1.700 notendur og hátt í 70% þeirra séu eldri borgarar.

„Til að eiga rétt á þjónustu hjá okkur þarf einstaklingur að vera sjónskertur eða blindur. Það er miðað við að sjónin sé minni en 30% á betra auga. Við veitum mjög umfangsmikla þjónustu sem er notendum að kostnaðarlausu," segir Margrét.

Miðstöðin aðstoðar fólk meðal annars við athafnir daglegs lífs og umferli. Ráðgjafar heimsækja skóla og fræða skólasamfélagið til að það sé betur í stakk búið til að aðstoða sjónskert og blind börn í námi. Miðstöðin er með framleiðsludeild, sem framleiðir meðal annars efni á punktaletri, hún býður upp á félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og ýmislegt fleira.

„Hér hjá okkur eru helstu sérfræðingar á Íslandi í málefnum blindra og sjónskertra. Við erum með sjónfræðinga og augnlækni sem starfrænt meta sjón og halda utan um blinduskráningu í landinu. Mikið er afhent af sérhæfðum gleraugum og stækkunarkerfum sem nýtast okkar notendum. Hingað kemur augnsmiður sem smíðar gerviaugu eða skel á auga fyrir það fólk sem þarf á því að halda. Tölvu- og tækniaðstoð er alltaf að aukast hjá okkur, hjálpartæknin er alltaf að verða tæknivæddari. Við úthlutum einnig leiðsöguhundum í ákveðnum tilvikum. Þetta er mjög umfangsmikil og fjölbreytt þjónusta sem við veitum."

Yfirleitt kemur fólk á miðstöðina eftir að hafa fengið tilvísun frá augnlækni. Margrét segir þó að það komi fyrir að fólk viti ekki af þjónustunni sem því stendur til boða og mikilvægt sé að ná til allra sem þurfa aðstoð miðstöðvarinnar. Hér fer fram mikið þverfaglegt samstarf og gott samstarf við aðrar þjónustustofnanir og hagsmunafélög.

Aukin tækniværðing

Miðstöðin býður upp á fjölbreytt hjálpartæki sem fólk getur prófað og metið hvað hentar þeim. Fyrir utan leiðsöguhund og hvíta stafinn sem er kannski það fyrsta sem fólki dettur í hug eru í boði fjölbreytt stækkunartæki, talgervlar í tölvur, kennslugögn, punktaletursskjáir og punktaletursprentarar og svo mætti lengi telja.

„Það er til dæmis til tæki sem getur sagt liti á ensku. Margir vilja vita hvernig fötin þeirra eru á litinn upp á að þau passi saman og þetta tæki skynjar liti. Síminn er að taka yfir mörg hjálpartækin. Margir nota síma eða spjaldtölvur sem stækkunartæki, til dæmis í námi. Þá getur fólk tekið myndir sem það stækkar upp og getur þannig lesið. Þorrinn af okkar notendum eru eldri borgarar, en þeir eru líka sífellt að verða tæknivæddari," segir Margrét.

Margrét segir að miðstöðin reyni að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur og byggja á þeim styrkleikum sem hann býr yfir. Margir eru með framsækna augnsjúkdóma þannig að sjónin fer versnandi og þörfin fyrir aðstoð og hjálpartæki breytist samhliða því.

„Hópurinn sem til okkar leitar er fjölbreyttur. Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað. Eins hefur börnum fjölgað sem eru blind og sjónskert en líka fjölfötluð. Þá er fólk á vinnualdri í hópnum sem þarf aðstoð við aðlögun á vinnumarkaði. Við þurfum að mæta ólíkum þörfum þessara hópa," segir Margrét.

Meðal þjónustu sem miðstöðin býður upp á er að veita aðstoð á heimilum fólks. „Við aðstoðum fólk við að finna alls kyns praktískar leiðir til að reka heimili og vera sjálfbjarga. Þetta geta verið leiðir eins og að setja hnapp á eldavélina til að auðvelda fólki að kveikja og slökkva á henni og ýmislegt í þeim dúr," útskýrir Margrét. „Það eru miklar framfarir og tækninýjungar í hjálpartækjunum og við bindum miklar vonir við þær."

Miðstöðin er í sama húsi og Blindrafélagið og segir Margrét að öllum sem þangað leita sé tekið vel. „Það er mjög mikilvægt að allir sem þurfa á þjónustu okkar að halda viti að hún sé í boði. Við erum hér til að vinna fyrir fólkið," segir Margrét að lokum.

Ertu með þurr augu?

BlephaClean blautklútar eru góð lausn við þurrum augum, frjókornaofnæmi og hvarmabólgu

„Vegna gróðurofnæmis þarf ég að passa mikið uppá augun þegar ég er á hlaupum úti í náttúrunni. Ég nota klútana frá Blephaclean daglega til að fríska uppá augun og hreinsa möguleg frjókorn og ryk. Ég finn mikinn mun á augnþurrki og bólgu þegar ég nota þá bæði kvölds og morgna.“

Elísabet Margeirsdóttir

Blephaclean eru hágæða blautklútar til að hreinsa mjúklega slím og húðskorpu af augnhvörmum og augnhárum. Þeir vinna vel á frjókornaofnæmi, hvarmabólgu og vogrís. Klútarnir innihalda rakagefandi róandi efni sem stuðla að hjöðnun á þrota á augnsvæði án þess að erta augu eða húð. Blephaclean er einu blautklútar sinnar tegundar sem eru klínískt sannaðir að virki og hafa verið prófaðir af bæði augnlæknum og húðlæknum.

Fæst í verslunum Eyesland og öllum helstu apótekum.

provision

Sjónlagsaðgerðir eru komnar til að vera

Nú eru að verða liðin 20 ár síðan fyrsta laseraðgerðin á augum var framkvæmd hér á landi. Frá því að fyrsta aðgerðin var gerð í júlí árið 2000 hafa tugþúsundir augnaðgerða verið framkvæmdar á Íslandi.

Jóhannes Kári Kristinsson, augnlæknir hjá Augljósi Laser augnlækningum, segir aðgerðina hafa fest sig rækilega í sessi og er hún nú ein algengasta aðgerð sem framkvæmd er hér á landi. Flestir Íslendingar þekkja nú til einhvers sem farið hefur í slíkar aðgerðir

„Fyrsta aðgerðin var framkvæmd árið 2000 af augnlæknunum Eiríki Þorgeirssyni og Þórði Sverrissyni í Lasersjón. Ég hóf að framkvæma þessar aðgerðir þegar ég kom heim frá Bandaríkjunum úr sérnámi árið 2001," segir Jóhannes.

Aðspurður hversu margar aðgerðir hann hefur framkvæmt sjálfur á þessum árum segir hann þær vera farnar að nálgast 15 þúsund talsins.

„Aðgerðirnar fengu strax gríðarlega góðar viðtökur hér á landi. Þær komu frekar seint til Íslands en Íslendingar tóku heldur betur við sér þegar þær komu."

Jóhannes segir árangur aðgerðanna hér á landi hafa verið góðan þegar á heildina er litið og rannsóknir hafa sýnt að hann sé sambærilegur við það besta sem gerist erlendis. „Lasertæknin sem notuð er hér á landi hefur ávallt verið í fremsta flokki. Skiljanlega mættu þessar aðgerðir svolítilli tortryggni meðal almennings og ekki síður meðal annarra augnlækna í upphafi aldarinnar því auðvitað hafði skapast löng hefð fyrir því að leiðrétta sjónlagsgalla með hjálpartækjum eins og gleraugum og snertilinsum. Síðan kom allt í einu fram byltingarkennd aðferð við að losa fólk við þessi hjálpartæki."

Öryggiskröfur skiljanlegar

Jóhannes segir skiljanlegt að gerðar séu miklar öryggiskröfur þegar nýjar aðgerðir eru annars vegar. „Krafan um öryggi verður ofar öllu. Í upphafi spurði fólk oft hvort aðgerðirnar gætu valdið blindu en sem betur fer hefur því ekki verið lýst. Þó að þessar aðgerðir séu eins og allt annað ekki án áhættu, þá eru þær afar skaðlitlar fyrir augun."

Ekkert lát er á vinsældum augnaðgerða MYND/LÁRUS SIGURÐARSON

Jóhannes Kári bendir aftur á móti á að í raun mætti snúa þessari spurningu við og spyrja hvort gleraugu eða snertilinsur geti valdið blindu. „Allir sem koma til okkar í forskoðun þurfa eitthvað af þessu þrennu: Gleraugu, linsur, eða fara í aðgerð. Það er enginn sem getur sleppt þessu öllu. Ef þú

Jóhannes Kári skoðar sjúkling í raufarlampa. MYND/LÁRUS SIGURÐARSONA

Augljós býður upp á tvenns konar augnaðgerðir. MYND/LÁRUS SIGURÐARSON

spyrð spurningarinnar: Getur fólk orðið blint út af snertilinsum, þá er svo sannarlega hægt að svara því játandi. Það eru meira að segja því miður allnokkur tilvik, hérna á litla Íslandi, þar sem fólk hefur fengið alvarlegan augnskaða eða misst sjónina algerlega út af snertilinsum og jafnvel misst auga. Síðan þekki ég persónulega vel til nokkurra sjúklinga sem hafa hlotið alvarlegan augnskaða vegna þess að gleraugu hafa brotnað og skorið augun og fólk jafnvel hlotið blindu af.“

Fjöldinn allur af fólki kemur í forskoðun til Jóhannesar vegna óþæginda við notkun gleraugna í leik og starfi. „Stundum hefur fólk verið hætt komið vegna notkunar á gleraugum sem fylltust af móðu. Ég man sérstaklega eftir vélsleðamanni sem fór fram af hengju, vegna móðu innan á gleraugunum sem hann var með, og slasaðist illa. Það er nauðsynlegt að horfa á þessa hluti í samhengi þegar maður horfir á öryggi laseraðgerða.“

Vinsælar aðgerðir

Ekkert lát virðist vera á vinsældum laseraðgerðanna. Mikill fjöldi fólks fer í aðgerð á hverju ári en Jóhannes Kári segir merkilegt að á kreppuárinu 2008 fækkaði ekki í hópi þeirra sem fór í laseraugnaðgerðir. „Á meðan fólk dró úr neyslu og fjárfestingum þá hélst svipaður fjöldi fólks sem fór í laseraðgerðir.“

Hjá Augljósi eru framkvæmdar í kringum 1.000 aðgerðir ár hvert. Jóhannes segir laseraðgerðir eins varanlegar og aðrir hlutar augans leyfa. „Við gerum aðgerð á fremri linsu augans sem við köllum hornhimnu. Ef aftari linsa augans, sem við köllum augastein, fer að breytast, þá breytir það sjónlagi augans og þar með dvína áhrif aðgerðarinnar. En aðgerðin sem slík heldur. Breytingar á sjónlagi geta gerst hvenær sem er á ævinni þó þær gerist yfirleitt ekki fyrr en fólk er komið vel yfir sextugt,“ útskýrir Jóhannes Kári.

Sjálfur fór Jóhannes í augnaðgerð árið 2003, en hann var með -7,50 í nærsýni. „Núna 16 árum síðar er ég ennþá algjörlega núllstilltur og nota ekki gleraugu nema bara rétt aðeins lesgleraugu. Enda kominn kirfilega á þann aldur.“

Hjá Augljósi eru einkum framkvæmdar tvenns konar augnaðgerðir. Það er transPRK aðgerðin sem líkist mjög aðgerðinni eins og hún var stuttu eftir að hún var fundin upp árið 1991. „Þá fer lasergeislinn beint á hornhimnuna og breytir lögun hennar. Þekjan er sem sé tekin af með lasergeisla og hornhimnan mótuð beint,“ útskýrir Jóhannes. Hin aðgerðin sem er mun vinsælli er kölluð LASIK aðgerð. Þá er flipi á hjör búinn til á hornhimnuna og settur til hliðar. Svo er löguninni breytt undir flipanum og hann lagður aftur yfir.

„Stærsti munurinn á þessum aðgerðum er sá að það tekur lengri tíma að jafna sig eftir transPRK aðgerðina. Það tekur nokkrar vikur en það tekur bara nokkra daga að jafna sig eftir LASIKaðgerðina. Þess vegna hefur LASIK-aðgerðin verið langvinsælust hér á landi og í flestum öðrum löndum. Ég held það sé bara í Noregi og á Ítalíu sem transPRK aðgerðin er algengari,“ segir Jóhannes.

> **Við vorum fyrst hér á landi til að beita PRESBYMAX meðferð, sem er sérhönnuð til að losa fólk við bæði fjarlægðar- og lesgleraugun.**
>
> **Jóhannes Kári Kristinsson**

TransPRK er snertilaus meðferð og Jóhannes Kári segir að einstaka aðilar velji þá aðgerð því þeim finnist þægilegt að manns-höndin komi sem minnst nálægt. „Við hjá Augljósi byrjuðum með þessa snertilausu meðferð árið 2012 og við beitum henni í sumum tilvikum. Sérstaklega þegar um er að ræða þunnar hornhimnur. En oftast beitum við LASIK meðferðinni, einfaldlega vegna þess að fólk er fljótara að ná sér. Við erum líka svolítið óþolinmóð, Íslendingar. Við viljum sjá árangur sem fyrst og það er alveg skiljanlegt ef það er hægt á annað borð. Við erum jú alltaf að nota þessi blessuðu augu okkar,“ segir Jóhannes.

Losa fólk við hækjurnar

Jóhannes Kári segir að aðgerðirnar séu ekki leyfðar fyrir 18 ára aldur. „Á unga aldri er sjónlag að breytast og skiptir miklu að það sé orðið stöðugt áður en aðgerð er framkvæmd. Sem dæmi má nefna að ef nærsýni er enn að aukast, þá þarf að bíða með aðgerð. Ungt fólk er oftast ekki tilbúið í aðgerð fyrr en í fyrsta lagi um tvítugt. Það kemur fyrir að við gerum aðgerðir á ungu fólki milli 18 og 20 ára en það er frekar sjaldgæft og þá einkum hjá fjarsýnum einstaklingum.“

Jóhannes segir algengt að framkvæmdar séu aðgerðir á fólki yfir fertugu þar sem aðalvandamálið sé hversu háð það sé lesgleraugum. „Við vorum fyrst hér á landi til að beita svokallaðri PRESBYMAX meðferð, sem er sérhönnuð til að losa fólk algjörlega við bæði fjarlægðar- og lesgleraugun. Þessi aðgerð hefur komið mjög vel út. Þetta er LASIK aðgerð en lasergeislinn býr til sérstakan lespunkt á hornhimnuna, sem aðstoðar einstaklinginn við að sjá hluti nálægt sér.“

PRESBYMAX aðgerðin er oftast ekki gerð fyrr en eftir 45 ára aldur. Ef fólk fer í aðgerð um þrítugt þá þarf lesgleraugu eftir 45 ára aldurinn, þar sem augasteinninn – sem séð hefur um nálægðarsjónina – hefur harðnað og er hættur að hjálpa til að fókusera nálægt. „Í sumum tilvikum getum við gert viðbótaraðgerð, það er að segja gert PRESBYMAX aðgerðina og losað fólk við lesgleraugun, en það þarf bara að skoða það í hverju tilviki,“ útskýrir hann.

„Ég tel að í það heila hafi sjónlagsaðgerðir ekki bara þau áhrif að losa fólk við hækjur, eins og gleraugu og snertilinsur, heldur hafi þær mjög jákvæð áhrif á ýmislegt annað. Það er stórkostleg tilfinning að vakna og sjá skýrt. Vera góður eins og maður er og þurfa ekki hjálpartæki til. Geta líka stundað leik og störf við erfiðar aðstæður þar sem ekki þarf sífellt að hafa áhyggjur af hjálpartækjunum. Mér þykir afar vænt um að hafa fengið tækifæri til að hjálpa fólki að ná þessum markmiðum. Þessar aðgerðir eru svo sannarlega komnar til að vera,“ segir Jóhannes Kári að lokum.

Allt annað líf

Knattspyrnukonan Sonný Lára Þráinsdóttir fór í laser-aðgerð fyrir tæpum tveimur árum. Hún sér alls ekki eftir þessu í dag og mælir með að annað íþróttafólk sem glímir við augnvandamál kynni sér aðgerðina.

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Sonný, sem er landsliðsmarkvörður og fyrirliði Íslands-og bikarmeistaraliðs Breiðabliks, tók þá ákvörðun að fara í laser-aðgerð um haustið 2017. „Ég ákvað að fara í aðgerðina þar sem ég var með linsur alla daga frá morgni til kvölds."

Hún notaði gleraugun sín lítið sem ekkert þar sem þau voru orðin frekar léleg og hún þurfti að fara að huga að endurnýjun. „Ég ákvað frekar að athuga hvort ég gæti farið í laser-aðgerð og myndi þá losna við að vera alltaf með linsur í augunum því þegar maður er með linsurnar svona lengi þá getur það orðið mjög óþægilegt. Ég var farin að finna fyrir miklum þurrki og þreytu í augunum," segir Sonný. Út frá því fór Sonný í skoðun í byrjun nóvember og í lok mánaðar fór hún í aðgerðina.

Aðgerðin gerði lífið á æfingum tölu-vert betra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Að þurfa ekki að byrja alla morgna á því að setja linsurnar í augun er þvílík breyting.

Sonný og liðsfélagar hennar fagna hér bikarmeistaratitlinum í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Laus við linsu vesenið

Ferlið var nokkuð einfalt að sögn Sonnýjar. „Þetta var frekar þægilegt ferli, ég fór í eina góða skoðun þar sem allt var skoðað vel og vandlega og athugað er hvort það sé möguleiki á aðgerð og ef allt kemur vel út þá er bókaður tími í aðgerðina í kjölfarið. Það sem mér fannst hins vegar óþægilegt fyrir aðgerðina var að ég mátti ekki nota linsur í viku fyrir aðgerðina."

Breytingarnar voru gríðarlega jákvæðar fyrir Sonný. „Að vakna á morgnana og sjá vel var mesta breytingin fyrir mig og alveg frábært, því ég var með mjög slaka sjón. Að þurfa ekki að byrja alla morgna á því að setja linsurnar í augun er þvílík breyting og maður áttar sig ekki á því fyrr en einmitt eftir aðgerðina hvað þetta gat verið óþægilegt að vera alltaf með linsurnar og sjá svona illa." Sonný segir líka að ferðalögin séu orðin þægilegri þar sem hún þarf ekki að hugsa út í það að vera með linsuvökvann og gleraugun með sér.

Fótboltalífið varð þægilegra

„Ég þurfti ekki lengur að hafa áhyggjur af því að linsurnar gætu verið að pirra mig á æfingum og í leikjum, því það gat alveg komið fyrir að þær urðu þurrar og óþægilegar," segir Sonný. Hún mælir hiklaust með aðgerðinni, þá sérstaklega fyrir íþróttafólk. „Þetta er mjög þægilegt fyrir íþróttafólk að þurfa ekki alltaf að vera með linsur á æfingum, og vera með aukalinsur og linsuvökva í töskunni. Eftir aðgerðina er maður með fullkomna sjón og maður þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu hvað varðar sjónina þegar maður er að æfa eða bara í daglegu lífi."

VISMED

Grætur þú upp úr þurru?

GEL
Skammtahylki, án rotvarnarefna.
Hægt er að loka eftir opnun.
Dreypiglas 10 ml
Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

DROPAR
Skammtahylki, án rotvarnarefna.
Hægt er að loka eftir opnun.
Dreypiglas 10 ml
Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

Tárin sem endast
VISMED® myndar náttúrulega tárafilmu á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu.
VISMED® inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolía náttúrunnar og finnst víða í mannslíkamanum.
VISMED® inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi.

Svissnesk gervitár við augnþurrki • Fást í öllum helstu apótekum

Fyrir liði, vöðva, heila og húð

Astaxanthin er öflugt andoxunarefni sem er gott fyrir húðina og virkar á mörg kerfi líkamans. Það veitir vörn gegn geislun og stuðlar að heilbrigði augna, heila, hjarta, liða og vöðva.

Náttúrulegasta og hreinasta uppspretta astaxanthins, sem er náttúrulegt karótínóíð, finnst í smáþörungum sem kallast Haematococcus pluvialis en þeir framleiða þetta sem varnarefni gegn erfiðum aðstæðum í umhverfinu. Astaxanthin er einnig að finna í dýrum og plöntum sem hafa einkennandi rauðan (bleikan) lit eins og t.d. í löxum og ljósátu (krill). Astaxanthin getur veitt vörn gegn útfjólubláum geislum og því gríðarlega gott fyrir húðina og það getur einng stuðlað að heilbrigði augna, heila, hjarta, liða og vöðva.

Aukinn árangur í íþróttum

Astaxanthin er eitt af öflugustu andoxunarefnum sem fyrirfinnast í náttúrunni. Það berst gegn ferli oxunar og sindurefna sem herja á frumur líkamans með tímanum og hjálpar það því t.d. við að lækna skemmda frumuvefi. Astaxanthin getur dregið úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætt þol og styrk og stuðlað að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Það er því mjög gott fyrir íþróttafólk sem vill ná sem bestum árangri. Mikið af astaxanthin er t.d. í vöðvum laxa og vilja sumir meina að það gefi laxinum þá orku sem hann þarf til að synda gegn straumnum. Húð, vöðvar, liðbönd, sinar, augu, innri líffæri, hjarta- og æðakerfi ásamt taugakerfi eru öll móttækileg fyrir astaxanthin, sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.

Minni bruni meiri brúnka?

Ysta lag yfirhúðar ver undirliggjandi lög hennar gagnvart ýmsum efnum, örverum og vatni. Dýpra í yfirhúðinni eru lifandi frumur sem skipta sér stöðugt til að endurnýja ysta lagið og er áviskeið hverrar frumu á bilinu 20-50 dagar. Í yfirhúðinni eru einnig frumur sem framleiða brúna litarefnið melanín þegar sólin skín á húðina en hlutverk þessa litarefnis er að verja kjarna (erfðaefni) húðfrumanna gagnvart útfjólubláu geislum sólarinnar. Bætiefnið astaxanthin getur dregið úr þeim skaða sem útfjólublái geislar sólarinnar geta valdið húðinni (sólbruni) og ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina þá blokkar Astaxanthin ekki þá geisla sem breytast í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum og því gott fyrir alla en það hefur reynst þeim sem hafa mjög ljósa húð sérstaklega vel. Bæði ver það húðina betur gegn sólbruna og svo taka margir meiri lit en áður og/eða halda honum betur – sem flestum þykir góður bónus.

Húð, vöðvar, liðbönd, sinar, augu, innri líffæri, hjarta- og æðakerfi ásamt taugakerfi eru öll móttækileg fyrir astaxanthin, sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.

Hreint íslenskt astaxanthin

Algalíf er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á þessum Haematococcus pluvialis örþörungum og vinnur úr þeim hágæða astaxanthin. Ræktun og framleiðsla fer fram í einangruðum ræktunarkerfum þar sem allir mengunarvaldar eru útilokaðir og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Endurnýtanleg orka er notuð við framleiðsluna og flokkast hún sem sjálfbær iðnaður.

> Astaxanthin getur verið gott fyrir augun/sjónhimnuna og dregið úr þreytu og álagi á augun og stuðlað að skýrari sjón.
>
> **Hrönn Hjálmarsdóttir**

Dagleg inntaka

Astaxanthin er 550 sinnum öflugra andoxunarefni en E-vítamín og 6.000 sinnum áhrifaríkara en C-vítamín. Það tekur astaxanthin 12-19 klukkustundir að hámarkast í blóði þínu og eftir það brotnar það niður á 3-6 klukkustundum. Þess vegna þarf að taka það inn daglega. Til þess að verja húðina gegn sólargeislum áður en haldið er í gott sólarfrí er gott að hefja inntöku nokkrum vikum áður. Astaxanthin getur einnig verið gott fyrir augun/sjónhimnuna og dregið úr þreytu og álagi á augun og stuðlað að skýrari sjón. Það dregur einnig úr bólgum almennt og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar.

Fæst í apótekum, heilsuhúsum og heilsuhillum valinna verslana.

Varð lögblindur á fáum árum

Kristján Ernir Björgvinsson hefur verið lögblindur í tæpt ár eftir að sjóninni fór að hraka fyrir um fjórum árum.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Kristján hefur verið edrú í tvö ár eftir mikla óreglu, en það var á vondum stað í lífinu sem hann fór að taka eftir sjónskerðingunni. „Fyrir rúmum fjórum árum síðan, þá var ég í óreglu og byrjaði að taka eftir þessu. Seint um nætur þegar það var mikið myrkur úti þá fór ég að sjá ljós skringilega og sjónin var aðeins farin að versna.“ Kristján segir að hann og vinir hans hafi grínast með þetta en hann tók þetta ekki nógu alvarlega til að panta tíma hjá augnlækni fyrr en í febrúar 2017.

„Þá læt ég loksins verða af því og var þá ekkert með svo slæma sjón.“ Augnlæknirinn segir við hann að hann sé með smá sjónskekkju og gaf honum gleraugu. Síðan voru teknar myndir af augunum þar sem kom í ljós að hornhimnan var ekki alveg eins og hún átti að vera og Kristjáni var ráðlagt að fara í tíma hjá sérfræðingi.

Vissi hvað væri að

„Hún pantaði tímann fyrir mig, ég var með gleraugun og sá ágætlega með þeim sem var bara gott mál. Svo missti ég af tímanum hjá þessum hornhimnusérfræðingi því ég var bara í óreglu. Ég panta ekkert tíma fyrr en fimm mánuðum eftir það. Síðan tók ég allt í einu eftir því um haustið 2017 að ég var hættur að geta lesið almennilega með gleraugunum mínum. Ég var farinn að sjá skringilega. Þannig að ég pantaði aftur tíma í sjónmælingu og læknirinn segir við mig að sjónin hafi versnað og að ég þurfi að fara í tíma hjá þessum sérfræðingi.“

Þá fyrst fór Kristján að hafa verulegar áhyggjur því að sjónin hafði farið niður um 10-15% sem var mikið á svona stuttum tíma. „Ég fer strax í einhvern ham. Ég fer þvílíkt að gúgla öll einkennin sem ég fann fyrir, því ég var ekki með það sem ég ímyndaði mér að væri venjuleg sjónskekkja. Ég skynjaði ljós asnalega og það var fullt af skrýtnum hlutum við sjónina.“

Eftir allt gúglið segist Kristján hafa eiginlega komist að því áður en hann fór í tímann að hann væri með það sem kallast keiluglæra. „Ég man svo vel eftir þessu. Áður en ég fór til sérfræðingsins þá sagði ég við mömmu að ég væri 100% viss um að ég væri með keiluglæru. En ég vissi ekkert um keiluglæru, ég vissi bara að þetta væri hornhimnugalli. Síðan fer ég til sérfræðingsins, hann mælir mig og segir mér að ég sé með þennan sjúkdóm.“

Fór á Vog eftir aðgerðirnar

Fyrir utan það segir Kristján að hann hafi fengið að vita að þetta væri með verri tilfellunum. „Vanalega þá er keiluglæran aðeins á öðru auganu en ég er með á báðum. Svo var þetta sjúklega hröð þróun hjá mér.“ Næst fór sjónin niður í 70%, síðan 50%, 40% sjón og loks niður í 7% á mettíma. „Síðan getur maður ekki notað gleraugu. Ég man að það var fyrst alltaf verið að spyrja mig af hverju ég fengi mér ekki bara sterkari gleraugu, þetta virkar ekki þannig.“ Fyrir utan það virkaði hefðbundin linsumeðferð við sjúkdómnum ekki fyrir Kristján.

Um veturinn 2017 og vorið 2018 fór Kristján í aðgerðir á sitthvoru auganu í þeim tilgangi að hægja á hrörnuninni. Verandi óvirkur alkóhólisti segir hann það hafa verið erfitt að fá morfínskyld lyf vegna aðgerðanna. Fyrir fyrstu aðgerðina ákvað Kristján að fá eins lítið af lyfjum og hann gat.

„En ég komst þá að því að það er líka rosalega hættulegt fyrir óvirka alkóhólista að vera í miklum þjáningum. Sársaukinn getur orðið mörgum að falli. Maður verður svo vitfirrtur af sársauka og tapar allri rökhugsun. Það var samt heldur ekkert auðvelt þegar ég fékk fleiri lyf eftir hina aðgerðina. Það er mjög erfitt að þurfa að taka ávana- og fíknilyf ef maður er óvirkur. Mér fannst ég vera að svíkja edrúmennskuna en maður má samt alls ekki skammast sín fyrir að fá lyf. Ég þurfti að fá þau.“ Það hjálpaði mikið að Kristján gat pantað tíma og farið í afvötnun inni á Vogi eftir báðar aðgerðirnar, hann mælir sterklega með því fyrir óvirka alkóhólista sem þurfa að leggjast undir hnífinn.

Kristján segist ekki hafa nennt að vera þunglyndur yfir þessu og fór að líta á björtu hliðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **„Það er líka rosalega hættulegt fyrir óvirka alkóhólista að vera í miklum þjáningum. Sársaukinn getur orðið mörgum að falli.**
>
> **Kristján Ernir Björgvinsson**

Læra að læra upp á nýtt

Aðspurður hvernig hann sjái í dag segir hann að það sé erfitt að lýsa því. „Ég er líka með sjónskekkju þannig að ég sé í móðu, og svo sé ég tvöfalt. Ég er rosalega nærsýnn sem fylgir því að sjá allt hliðrað og tvöfalt. Ef eitthvað er í tveggja til þriggja metra fjarlægð þá get ég ekki séð það almennilega. Ég get þá séð liti og útlínur á formum en er eiginlega ekkert hæfur nema innan eins til tveggja metra fjarlægðar. Þú endar aldrei alveg blindur af þessum sjúkdómi. En eins og í mínu tilfelli þá geturðu fengið það mikla sjónskerðingu að þú ert liggur við blindur. Síðan fylgir þessu mikil erting í augunum og alls konar leiðinlegir fylgikvillar.“

Að verða lögblindur á einhverjum mánuðum fylgir því að læra marga hluti upp á nýtt. Haustið 2018 skráði Kristján sig í Fjölbrautaskólann við Ármúla (FÁ) og segir að þá hafi hann til dæmis þurft að læra að læra upp á nýtt. „Alla mína tíð hef ég verið með mjög sjónrænt minni. Ég átti auðvelt með að lesa og las rosalega mikið.“ Í FÁ þurfti Kristján að temja sér að hlusta á hljóðbækur sem reyndist honum erfitt. „Ég var líka svo nýorðinn blindur þegar ég var í skólanum.

Maður kunni ekki alveg við að biðja um að sitja fremst því ég sá ekkert á töfluna ef ég sat aftast. En það var erfiðast að hlusta á hljóðbækur. Ég bara gat það ekki. Það er rosalegt verkefni að læra að læra upp á nýtt. Það er hægara sagt en gert.“

Kristján segir að þó hafi kennararnir verið mjög skilningsríkir og hann hafi fengið alla þá aðstoð sem var í boði. „Þannig að þetta er ekki skólakerfinu að kenna, miklu frekar fötlun minni.“ Kristján ákvað að hætta í námi eftir haustönnina 2018 og hefur síðan unnið við að forvarnarfræða fyrir Minningarsjóð Einars Darra og við sjónvarpsþáttagerð. Það liggur því ekki á því núna að fara í skóla og klára stúdentsprófið. „Ef ég þarf að fara í skóla einhvern tímann á næstu árum til að láta drauma mína rætast, þá geri ég það bara. Maður finnur leið og lætur hana virka. Hlutirnir reddast ef þú reddar þeim.“

Pollýönnuhugarfarið

Kristján segir að í dag sé lífið gott. „Ég er í vinnu þar sem ég kemst einhvern veginn upp með að vera svona sjónskertur og er hamingjusamur.“ Eftir að Kristján fór að horfa á jákvæðu hliðarnar frekar en þær neikvæðu fór margt að breytast. Þó það hafi ekki komið á óvart þegar hann var formlega greindur með keiluglæru fór neikvæðnin að bæra á sér fyrstu mánuðina eftir greininguna. „Ég varð rosalega þungur fyrst. Ég fór að hafa miklar áhyggjur og var í mikilli sjálfsvorkunn, sem ég held að sé samt eðlilegt með svona sjúkdóma og áföll. Ég vissi ekkert hvernig ég átti að takast á við þetta, en síðan var það ekki að gefa mér neitt að vera í sjálfsvorkunn. Ég nennti ekki að vera þunglyndur yfir þessu lengur og píndi sjálfan mig í að taka Pollýönnu á þetta. Sjá bara jákvæðu hliðarnar á öllu.“

Það er enn ýmislegt sem hægt er að gera, til dæmis er möguleiki að fá nýjar hornhimnur ígræddar og til eru fleiri linsumeðferðir. Það sé auðveldara að hugsa til þess í staðinn fyrir að hugsa um hvað gerist ef maður verður alveg blindur. „Það gefur manni ekki neitt. Ég var búinn að heyra það milljón sinnum, áður en ég fór að hugsa sjálfur í lausnum. Þá breyttist allt. Það er miklu meiri fötlun að mínu mati að vera neikvæður og í sjálfsvorkunn heldur en að vera blindur. Það verður allt svo ógeðslega erfitt þegar maður er neikvæður. Andlega taskan sem þú berð með neikvæðninni er svo þung. Þá verður miklu meira mál að bara drulla sér í að gera eitthvað.“

Verður að geta hlegið

Kristján segir að hláturinn hjálpi líka mikið til. Til dæmis fékk hann í jólagjöf gervigleraugu með gervinefi frá systrum sínum og föður sínum sem öllum fannst voða fyndið. „Það er rosalega gott að geta grínast með þetta meðal vina. Um leið og eitthvað er orðið of mikið tabú til að minnast á milli fjölskyldu og vina þá er það allt í einu orðið svo miklu alvarlegra. Maður má samt heldur ekki hunsa þetta, ég hef líka gert það. Maður þarf alveg að gera sér grein fyrir því að maður er með alvarlega fötlun. En maður finnur sér einhverjar leiðir. Mín leið er að vera jákvæður og hress.“

Lengri útgáfu af viðtalinu má finna á frettabladid.is.

Náttblinda • Augnþurrkur • Viðkvæm augu • Versnandi sjón

Stuðlar að góðri augnheilsu

Blue Berry töflurnar innihalda, auki valinna vítamína, náttúrulegt lútein í samsvarandi magni og er í 1. kg af íslenskum bláberjum en þetta fæðubótaefni hefur reynst mörgum vel við að stuðla að betri virkni augnanna.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Hyprosan augndropar – Til meðferðar við augnþurrki

Hyprosan er gervitár og er ætlað til meðferðar við augnþurrki. Það fæst í dropaglasi án lyfseðils í apótekum. Hver ml inniheldur 3,2 mg af hypromellósa sem eykur seigju Hyprosan.

Augnþurrkur er algengur kvilli og getur komið fram með ólíkum hætti, til dæmis sem sviði, rauð og tárvot augu, óskýr sjón, næmi fyrir ljósi eða þreyta í augum. Ef augnþurrkur er ekki meðhöndlaður getur hann orðið verri og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, svo sem bólgu og alvarlegar skemmdir á yfirborði augans. Því getur augnþurrkur skert lífsgæði fólks með því að hafa áhrif á daglegar athafnir. Augnþurrkur getur t.d. valdið óþægindum þegar fók er utandyra í göngutúr, sérstaklega í roki eða sólríku veðri og einnig getur hann haft truflandi áhrif á lestur bóka eða vinnu við tölvu. Því er nauðsynlegt að fólk leiti sér læknishjálpar þegar það finnur fyrir einkennum," segir Helga Erlingsdóttir, deildarstjóri hjá Icepharma.

Gervitár geta stuðlað að góðri augnheilsu og heilbrigð tárahimna er mikilvæg fyrir sjónskerpuna. Þar að auki heldur tárahimnan augunum rökum, skolar út ryki og óhreinindum og ver yfirborð augans gegn þurrki.

Hyprosan er gervitár og er ætlað til meðferðar við augnþurrki. Það fæst í dropaglasi án lyfseðils í apótekum. Hver ml inniheldur 3,2 mg af hypromellósa sem eykur seigju Hyprosan. Þetta leiðir til þess að lausnin helst lengur á auganu og veitir auganu raka í lengri tíma.

Meðferð með Hyprosan er einn dropi í hvort auga þrisvar á dag eða eftir þörfum. Hægt er að nota hvert dropaglas af Hyprosan í einn mánuð, þó að lyfið innihaldi ekki rotvarnarefni.

- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum

ATHUGIÐ

Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Hyprosan er gervitár og er ætlað til meðferðar við augnþurrki.

Gervitár geta stuðlað að góðri augnheilsu og heilbrigðari tárahimnu.

Hyprosan augndropar – við augnþurrki

- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Santen

Stytt samantekt á eiginleikum lyfs
Heiti lyfs: Hyprosan 3,2 mg/ml augndropar, lausn. Einn ml af lausn inniheldur 3,2 mg af hypromellósa. Lyfjaform: Augndropar, lausn. Tær, litlaus lausn. Ábendingar: Gervitár til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. **Markaðsleyfishafi:** Santen Oy.
Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is Júlí 2019

SAN190701

Sólgleraugun setja svip á andlitið

Sólgleraugu eru ekki einungis til að verja augun fyrir sólinni. Þau eru líka tískuvara. Sem betur fer er tískan fjölbreytt.

Misjafnt er hvað fólki líkar best þegar kemur að sólgleraugum. Sumir vilja hafa þau sportleg á meðan aðrir vilja hafa þau klassísk. Enn aðrir kjósa að velja gleraugu sem skreytt eru af hugmyndaauðgi. Þá eru glerin líka í mismunandi útfærslum og alls kyns litum. Sólgleraugu í anda leikkonunnar Audrey Hepburn hafa lengi verið vinsæl og eru enn, þau verða að teljast klassísk. Hún var iðulega með frekar stór gleraugu.

Þau sólgleraugu sem hafa notið mikillar hylli í sumar eru frá Stellu McCartney. Þá má einnig nefna sólgleraugu frá Gucci, Miu Miu, Tom Ford og Phillip Lim. Sólgleraugu með glitrandi skrauti eru alltaf vinsæl en Dolce og Gabbana hafa gjarnan skreytt sína framleiðslu og svo Prada.

Hér á síðunni má sjá nokkra þekkta einstaklinga með sólgleraugu. Myndirnar eru allar nýjar svo þær ættu að geta lýst sumartískunni í ár.

Gigi Hadid er ein þekktasta ofurfyrirsæta í heimi um þessar mundir. Hér er hún með vinsælum handtöskuhönnuði, Michael Kors. Skyldi hann hafa hannað þessi gleraugu sjálfur? Myndin er tekin í Rockefeller Center í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

Elton John er auðvitað þekktur fyrir gleraugnasmekk sinn. Hér er hann á frumsýningu á Lion KIng í London.

Tónlistarmaðurinn Bob Geldof á kvikmyndahátíð á eyjunni Ischia við Ítalíu.

Suðurkóreska hljómsveitin BTS er að slá í gegn um allan heim. Þetta er strákaband sem hefur verið að troða upp í Bandaríkjunum þar sem hljómsveitin er mjög vinsæl. Hér er einn söngvari sveitarinnar, Jimin. Hljómsveitin hefur hlotið margar viðurkenningar.

Leikkonan, söngkonan og dansarinn Ashley Roberts á leið í The Global Radio í London.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

1. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Launrétt L167386 og Laugargerði L167146 í Laugarási.
Breytingartillagan felur í sér að lóðinni Launrétt 1 L167386 í Laugarási, er breytt úr reit sem merktur er í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samfélagsreitur, í verslunar- og þjónustureit, þannig að heimilt verði að gefa út rekstraleyfi í fl. II á lóðinni vegna sölu á gistingu.Þá er gerð breyting á lóðinni Laugargerði L167146, þar sem landnotkun lóðar verði breytt úr landbúnaðarlóð í verslunar- og þjónustulóð þar sem heimilt verði að vera með garðyrkjustöð auk veitingarekstur og veitingasölu.

2. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Leynir Rimatjörn L207855, breytt landnotkun.
Aðalskipulagsbreytingin fellst í að svæði frístundabyggðar (F42) er minnkað um 9 ha, og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland. Samhliða breytingunni er auglýst samsvarandi breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

3. Breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Hnaus 2 L192333. Breytt landnotkun. Íbúðar- og frístundasvæði.
Auglýst er tillaga að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2019, sem fellst í breyttri landnotkun á um 1,5 ha svæði úr landbúnaðar- og skógræktarsvæði yfir í íbúðarsvæði. Þá verður frístundasvæði (F16) sem í núgildandi aðalskipulagi, þ.e. norðurhluti þess svæðis um 2 ha fellt niður og gert að landbúnaðarlandi. Frístundahúsasvæði sem eru syðst á svæði SL-6 eru nú færð inn skv. gildandi deiliskipulagi. Þá verði einnig heimiluð stök lóð um 0,4 ha norðarlega innan skógræktarsvæðis SL-6.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

4. Lýsing deiliskipulags. Fosslækur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Fosslæk, fjallaskáli/fjallasel í Hrunamannahreppi. Afmörkuð verður um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

5. Lýsing deiliskipulags. Leppistungur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Leppistungur, sem mun taka til svæðis um 5 ha að stærð. Afmörkuð verður um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m2. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamanna¬svæði.

6. Lýsing deiliskipulags. Miklöldubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Miklöldubotna í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 5ha lóðar. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

7. Lýsing deiliskipulags. Frægðarver. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Frægðarver í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 2 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki. Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar og ferðamannasvæði.

8. Lýsing deiliskipulags. Rofshólar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Rofshóla í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð umhverfis núverandi mannvirki.
Á staðnum er torfkofi og er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á honum. Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Einungis verður um áningarstað að ræða en ekki gistingu. Ekki er gert ráð fyrir akstri að staðnum. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9. Lýsing deiliskipulags. Heiðará. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Heiðará í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 10 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

10. Lýsing deiliskipulags. Helgaskáli. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Helgaskála í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 20 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m2 eða byggja nýtt hús. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m2. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

11. Lýsing deiliskipulags. Efri-Kisubotnar. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Efri-Kistubotna í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði

12. Lýsing deiliskipulags. Grákollur. Fjallaskáli/fjallasel á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Grákoll í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m2 hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

13. Lýsing deiliskipulags. Svínárnes. Fjallaskáli/skálasvæði á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir Svínárnes í Hrunamannahreppi.
Deiliskipulagið mun taka til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m2. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamanna¬svæði.

14. Lýsing deiliskipulagsbreytingar í Kerlingafjöllum. Afmörkun lóðar við hesthús hjá hálendismiðstöð á Hrunamannaafrétti.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagsbreytingu fyrir lóð utan um hesthús í Kerlingafjöllum í Hrunamannahreppi. Deiliskipulagsbreytingin mun taka til afmörkunar á um 1 ha lóð fyrir núverandi hesthús. Heimilt verður að stækka núverandi hesthús í allt að 150 m2.
Á staðnum er rekin ferðaþjónusta og eru mannvirki í eigu rekstraraðila fyrir utan hesthús sem er í eigu Hrunamannahrepps. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem hálendismiðstöð á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

15. Lýsing deiliskipulags. Bjarkarlækur L224049, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Íbúðarhús, gestahús og skemma.
Kynnt er skipulagslýsing á deiliskipulagi fyrir spilduna Bjarkarlæk. Deiliskipulagssvæðið tekur til alls lands Bjarkalækjar sem er um 9,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhús, bílskúr og gesthús auk skemmu og hesthúss.
Aðkoma er af Biskupstungnabraut um Bjarkarveg (nr. 3759) og er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu af honum um 100 m norðan við Lækjarbraut (nr. 3759).

16. Lýsing deiliskipulags. Snæfoksstaðir frístundabyggð. Endurskoðun deiliskipulags.
Kynnt er skipulagslýsing vegna endurskoðunar á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða gamalt deiliskipulag (1999) sem tók til um 76 ha svæðis frístundabyggðar og 47 lóða. Deiliskipulagið mun verða endurskoðað í heild sinni, og uppfært að núgildandi lögum og reglugerðum, auk þess sem lóðir verðar hnitsettar, vegheiti verða uppfærð auk þess sem hugað verður að öryggisþáttum, svo sem flóttaleiðum vegna neyðartilfella.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagstillaga fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

17. Deiliskipulag 1904036-Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Frá Haki að Leirum. Bláskógabyggð.
Svæðið sem deiliskipulagið nær til er vestan megin í þjóðgarðinum og nær svæðið yfir meginaðkomusvæði ferðamanna, þinghelgina og þjónustusvæði frá Haki að Leirum. Skipulagssvæðið er 4,2 km2. Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna er þörf á að bæta aðstöðu ferðamanna á Þingvöllum. Í deiliskipulagi verður nýrri þjónustumiðstöð fundinn staður og útfært hvernig flæði ferðmanna um þjóðgarðinn er best háttað til framtíðar.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

18. Deiliskipulag, Þingvellir, Bratti í Botnsúlum, fjallaskáli í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til Bratta í Súlnadal í Botnssúlum. Á staðnum var lítill skáli sem hefur verið fjarlægður. Til stendur að reisa nýjan skála allt að 80m2 að stærð fyrir allt að 30 manns í gistingu. Ekki er vegur að staðnum og ekki heimilt að aka að skálanum. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

19. Deiliskipulag, Svartárbotnar (Gíslaskáli) fjallaskáli, afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til Svartárbotna (Gíslaskála) á Kili í Bláskógabyggð. Á staðnum er rekin þjónusta við ferðamenn þar er einnig gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Í Gíslaskála er gistipláss fyrir 45-50 manns. Til stendur að stækka skálann fyrir allt að 70 manns í gistingu. Einnig stendur til að bæta aðstöðu fyrir hesta. Aðkoma er af Kjalvegi. Á svæðinu er núverandi 270 m2 svefnskáli, 96 m2 hesthús og 20 m2 starfsmannahús. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

20. Deiliskipulag, Geldingafell, fjallaskálar, framafréttur í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til skálasvæðis í Geldingafelli á Kili vestan við Bláfell. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélsleðaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Geldingafell er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem skálasvæði.

21. Deiliskipulag, Árbúðir, fjallaskáli ofl, afréttur norðan vatna í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til Árbúða sem eru við Svartá, skammt norðan við Hvítá á Kili, og er aðkoma af Kjalvegi. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gisti- og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Árbúðir eru í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem hálendismiðstöð.

22. Deiliskipulag, Skálpanes, fjallaskáli, framafréttur í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til Skálpaness sem er við Langjökul, nokkuð vestan Geldingafells. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Á svæðinu eru alls 2 byggingar, fyrir ferðaþjónustu og starfsfólk. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 2ha. Skálpanes er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

23. Deiliskipulag, Fremstaver, fjallaskáli, framafréttur í Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til Fremstavers sem er sunnan við Bláfell, vestan Hvítár. Aðkoma er af Kjalvegi. Nokkur gróður er umhverfis húsið og einnig hafa verið útbúin áningarhólf fyrir hesta. Á svæðinu eru alls 3 byggingar, ýmist fyrir ferðaþjónustu, salernishús og hesthús. Gistipláss er fyrir 30 manns. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns og bæta aðstöðu reiðhópa. Stærð svæðis er um 2 ha. Fremstaver er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

24. Deiliskipulag fyrir Kjarnholt Ferðaþjónustu, frístundabyggð og íbúðarhús. Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar auk gisti- og ferðaþjónustu. Um er að ræða 20 ha svæði á jörðinni Kjarnholt í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum undir þjónustu og gistihús, einni lóð undir íbúðarhús, 11 lóðum undir frístundabyggð og 14 lóðum undir smáhýsi.

25. Deiliskipulagsbreyting. Launrétt 1 lnr. 167386 Laugarási. Bláskógabyggð.
Breytingin felur í sér að lóðinni Launrétt 1 í Laugarási (landnr. 167386) verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimilt verði sala gistingar í atvinnuskyni.

26. Deiliskipulagsbreyting. Laugargerði L167146 í laugarási. Bláskógabyggð.
Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að skilgreindir eru 3 byggingarreitir. Íbúðarhúsareitur, spennistöðvarreitur og reitur þar sem veitt er heimild fyrir verslun og þjónustu vegna reksturs veitinga- og kaffihúss.

27. Deiliskipulag Hvönn L227468. Íbúðarhús, skemma, hesthús, ylræktarhús. Bláskógabyggð.
Deiliskipulagið tekur til 3,1 ha spildu, lögbýlinu Hvönn, L227468, sem er nýbýli út úr jörðinni Torfastaðir í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, skemmu, hesthúss og ylræktarhúss. Aðkoma verður um Miklaholtsveg inn á land Hvannar.

28. Deiliskipulag Hellnaholt, Fossnesi. Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Deiliskipulagið tekur til um 21 ha svæðis, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar, auk byggingarreita fyrir íbúðarhúss og hesthúss. Aðkoma að jörðinni er af Gnúpverjavegi nr. 325 og um núverandi aðkomuveg að frístundahúsum norðan hans. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna. Skipulagslýsingar og tillögur nr. 4 - 17 eru í kynningu frá 24. júlí til 14. ágúst 2019 en tillögur nr. 1 - 3 og nr. 18 - 28 eru í auglýsingu frá 24. júlí til 4. september 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 4 - 17 og þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 14. ágúst 2019,en fyrir tillögur nr. nr.1 - 3 og 18 – 28, eigi síðar en 4. september 2019. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar til sölu

VOLVO XC V70 TIL SÖLU.
Volvo V70 station. Árgerð 2000. Mjög góður bíll. Vel viðhaldið. Smurbók frá upphafi. Skoðaður 2020 án athugasemda. Sjálfskiptur og með dráttarkrók. Fallegur bíll með góða aksturseiginleika og þægileg leðursæti. Upp. í síma 893 7719 og 698 7563

Húsbílar

Til sölu Ford 450 húsbíll árg. 2008, ekinn aðeins 19 þús km. Glæsilegur bíll uppl. hjá Bílasölunni á Akranesi 431-2622

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Fjórhjól

CFORCE 520
Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, tveggja manna.
Lækkað verð!
Kr. 1.289.900,-
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR
JAPÖNSK GÆÐI!
Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Píplagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Píplagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bólstrun

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
Tjaldvagninn • Fellihýsið
Húsbílinn • Bátinn
Hjólhýsið • Sumarhúsið
Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR
Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA
Einstök gæði
Stiga Estate Pro 9122 XWSY
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor, 4WD
B&S 8240 Intek mótor, 13,1kW
Sérstyrkt sláttuborð,
360 ltr. graskassi
Frábær traktor í erfiðan slátt
VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.
Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

KvikkFix
Hvaleyrarbraut 4-6 - Hafnarfjörður - S: 575-1500
Viljum ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaþjónustu. Aðeins vanir menn koma til greina. Góð laun. Áhugasamir sendi umsókn á hinrik@nrg.is

Óska eftir aðstoðarmanni, helst vönum málningarvinnu, ca 5 tíma á dag, ungir sem aldnir eru hvattir til að hafa samband. Frekari uppl. í síma 893-3087

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Traust og fagleg starfsmannaveita sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir
Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins
HANDAFL STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | handafl.is

TIL SÖLU
Volvo 9500 hópbifreið til sölu
Mjög gott eintak af Volvo 9500 nýskráð 04.2012 ekinn aðeins 125 þús km. Farþegafjöldi 51+1+1 vel búin með kæli, afþreyingarkerfi,WC og þráðlausu hljóðkerfi.
Verð.18,9 millj + VSK
Upplýsingar í síma 892-1559

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

VINDAKÓR 16, 203 KÓPAVOGUR

OPIÐ HÚS

Falleg og rúmgóð 104.6 fm, 3ja herb. útsýnisíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Góð svefnherbergi - þvottahús innan íbúðar - Barnvænt hverfi - Stutt í helstu þjónustu. **V. 45,8 m**
Opið hús miðvikudaginn 24. júli milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Herdís Valb. Hölludóttir s. 894 6166, herdis@eignamidlun.is

Fallegt einbýli með glæsilegu útsýni og tvöföldum bílskúr
Möguleiki á aukaíbúð og góður suður garður
Fjögur svefnherbergi, gætu verið fimm
Glæsilegt nýtt eldhús og ný gólfefni á efri hæð



Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is **sími:** 773 6000

Verð :
95,0 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Drög að tillögu að matsáætlun allt að 9,9 MW Hagavatnsvirkjunar í Bláskógabyggð

Hafið er mat á umhverfisáhrifum allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjunar við Hagavatn í Bláskógabyggð.
Íslensk vatnsorka ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti hf. Á vefsíðu Mannvits (www.mannvit.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar.

Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum almennings og er frestur til **20. ágúst 2019.** Athugasemdir og ábendingar skulu sendar á netfangið haukur@mannvit.is

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín

Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

GVENDARGEISLI 44, 113 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

138.9 fm 4- 5 herb. endaíbúð á efstu hæð í góðu vel staðsettu húsi. Sérinngangur af útitröppum. Vandaðar eikarinnréttingar. 4 rúmgóð herbergi (eitt teiknað sem geymsla) rúmgóð stofa og góðar suðursvalir með ágætu útsýni. Endastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Örstutt í grunnskóla og tvo leikskóla. **V. 56,5 m**
Opið hús miðvikudaginn 24. júli milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst nýtt deiliskipulag í Reykjavík.

Reitur 1.240.3, Snorrabraut, Grettisgata, Rauðarárstígur og Njálsgata

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. júní 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 4. júlí 2019 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir reit 1.240.3 sem afmarkast af Grettisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut. Í tillögunni felst uppbygging á lóð nr. 89 við Njálsgötu fyrir leikskóla og þjónustumiðstöð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Höfðabakki 5

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. júní 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 4. júlí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða - Eystri vegna lóðarinnar nr. 5 við Höfðabakka. Í breytingunni felst að koma fyrir fimm smáhýsum á lóðinni en Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni. Við breytinguna minnkar nýtingarhlutfall lóðarinnar og byggingareitur færist. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gufunes, Jöfursbás 11

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 4. júlí 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufunes vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar úr 4771 m^2 í 5641 m^2. Ekki er gert ráð fyrir að byggt verði neðanjarðar, hámarks byggingarhæð verði lækkuð úr 7 hæðum í 5 hæðir, fallið verði frá kröfu um bílastæði á lóð, bílastæðaþörfin er reiknuð út sem 1 stæði per 120m^2 íbúðarhúsnæðis, gert er ráð fyrir minni íbúðum en tilgreint er í almennum skilmálum, aðkoma neyðarbíla og lestunar/losunar bíla innan lóðar verði tryggð, gert verði ráð fyrir djúpgámum á lóðinni, gert verði ráð fyrir allt að 130 íbúðum á lóðinni, lóðarmörk verði færð 7m vestur og 15,8m til suðurs og fl. ásamt skilmálabreytingum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 24. júlí 2019 til og með 4. september 2019**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 4. september 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 24. júlí 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
16 °C | 5	4 °C | 6	8 °C | 5
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 6	12 °C | 2	7 °C | 9

Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, skýjað með köflum og úrkomulítið, en síðdegisskúrir sunnanlands. Gengur í norðaustan 8-15 í kvöld og nótt, fyrst á Vestfjörðum. Hiti 10 til 20 stig í dag, hlýjast fyrir sunnan.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12 °C | 4	6 °C | 4	13 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
15 °C | 2	11 °C | 3	6 °C | 2

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 3	6 °C | 4	9 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
10 °C | 4	15 °C | 1	10 °C | 6

LÉTT

	1			2		5		3
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9					3	4	1	
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8		2
		8		5		1		

MIÐLUNGS

		6		2	1			3
8				9		7		2
		5			4	6		
5			3		9			1
	6		4			3	7	
2							4	
3			9		8	1		
	7	8	1					
6				7				

ÞUNG

7	3			5	9			
			1		3			
		5	6					7
		2			6		1	
1		9		2			7	
					1	8		
2	9		8				3	
	6	8					5	
		1	9		4			

Krossgáta

LÁRÉTT
1 Fiskur
5 Spíra
6 Undan
8 Þokumóða
10 Ólæti
11 Espa
12 Málhelti
13 Galdrar
15 Snáfa
17 Smáhrís

LÓÐRÉTT
1 Efstastigs
2 Sjónarmið
3 Framkoma
4 Fjasa
7 Röggsemi
9 Lufsur
12 Geð
14 Þangað til
16 Drykkur



Framtak, 9 tætlur, 12 skap, 14 uns, 16 te.

LÁRÉTT: 1 hafur, 5 ála, 6 af, 8 mistur, 10 at, 11 æsa, 12 stam, 13 kukl, 15 snauta, 17 sprek.
LÓÐRÉTT: 1 hamarks, 2 allt, 3 fas, 4 rausa, 7 framtak, 9 tætlur, 12 skap, 14 uns, 16 te.

Skák

Gunnar Björnsson

Duras átti leik gegn Cohn í Karlsbad árið 1911.

1. Hxh7+! Kxh7 2. De7+ Kg6 3. Hg8+ Kf5 4. Hxg5+ (4. Dc5+ dugar líka). **4. ... fxg5 5. Dd7+ 1-0.** Vignir Vatnar Stefánsson hefur staðið sig yfir vel á móti sem haldið er í Hrafnadal á Írlandi. Hefur 5½ vinning eftir 7 umferðir.

www.skak.is: Íslendingar tefla erlendis.

hvítur á leik



3	1	7	2	5	8	4	6	9
8	2	4	9	1	6	7	3	5
6	9	5	7	3	4	2	1	8
5	7	9	3	8	1	6	2	4
4	6	1	5	2	9	3	8	7
2	8	3	4	6	7	9	5	1
7	5	6	1	9	2	8	4	3
9	3	8	6	4	5	1	7	2
1	4	2	8	7	3	5	9	6

4	2	9	5	7	1	6	8	3
5	1	3	8	9	6	7	2	4
8	6	7	2	3	4	9	1	5
9	4	2	3	8	7	1	5	6
1	3	6	4	5	9	2	7	8
7	5	8	6	1	2	3	4	9
2	8	4	1	6	3	5	9	7
3	7	1	9	4	5	8	6	2
6	9	5	7	2	8	4	3	1

5	7	2	9	1	3	6	8	4
1	3	6	4	5	8	7	9	2
8	4	9	6	2	7	1	3	5
6	5	4	1	7	9	8	2	3
3	1	8	5	6	2	9	4	7
9	2	7	3	8	4	5	6	1
4	6	3	7	9	5	2	1	8
2	9	5	8	4	1	3	7	6
7	8	1	2	3	6	4	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

RAFMÓTORAR

SCANVER EHF
588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

DIRTY BURGER & RIBS

SUMAR TILBOÐ

OSTBORGARI + FRANSKAR + GOS — 1490 KR

GILDIR LÍKA FYRIR PULLED PORK, VEGAN OG KJÚLLABORGARA

200 G BEIKONBORGARI FRANSKAR + GOS — 1990 KR

FJÖLSKYLDU TILBOÐ

2 OSTBORGARAR + 2 BARNAMÁLTÍÐIR + STÓR FRANSKAR + 2L GOS — 3990 KR

DIRTY BURGER & RIBS

MIKLUBRAUT + GNOÐAVOGI
(GILDIR EKKI Á AUSTURSTRÆTI)

Bland saman tveimur ólíkum heimum

Systkinin Mikael Máni og Lilja María halda í tónleikaferð um landið og flytja verk sem þau sömdu í sameiningu. Lög sem eru ólík en mynda samt heild.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Mikael og Lilja eru að undirbúa tónleikaferð um landið þar sem þau flytja eigið efni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Systkinin Mikael Máni og Lilja María Ásmundsbörn halda í tónleikaferðalag um landið í lok júlí og byrjun ágúst. Tónleikaröðin hefst í Ólafsfjarðarkirkju 27. júlí, síðan spila þau í Alþýðuhúsinu á Siglufirði, í Akureyrarkirkju, Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit og enda í Mengi, Reykjavík, föstudaginn 9. ágúst. Á efnisskrá er verk sem þau sömdu í sameiningu sérstaklega fyrir þessa tónleikaferð.

Mikael er nýfluttur heim frá Svíþjóð en Lilja býr í Hollandi en flytur til London í haust þar sem hún hefur doktorsnám í tónsmíðum. Þau voru hvort í sínu landinu þegar þau sömdu verkið sem þau flytja í tónleikaferðalaginu.

„Við búum á sitt hvorum staðnum og sömdum sjö lög hvort. Það skipti okkur miklu máli að hafa heildarsvip á verkinu og við sömdum því sögu í þjóðsagnastíl og byggðum verkið á framvindu sögunnar. Þannig gátum við unnið sitt í hvoru lagi að sama efniviði. Lilja vinnur aðallega í samtímaklassík og ég er með djassbakgrunn og tónlistin okkar blandar þessum tveimur ólíku heimum saman," segir Mikael.

Ákveðin heild

Spurð hvort lög þeirra séu lík eða gjörólík segir Lilja: „Þau eru ólík en mér finnst þau um leið mynda ákveðna heild. Stundum tók ég stef úr lögum Mikaels og vann þau á nýjan hátt þannig að það má greina laglínur hans en lögin eru samt allt öðruvísi en lög hans."

Mikael spilar á gítar og spiladós og syngur. Lilja spilar á píanó og fiðlu og syngur og stýrir rafparti tónlistarinnar sem er byggður á umhverfishljóðum og hljóðum úr hljóðfærum, þar á meðal heimagerðum spiladósum. „Þessi rafheimur blandast saman við hljóðheim hljóðfæranna," segir hún.

> **ÞAÐ SKIPTI OKKUR MIKLU MÁLI AÐ HAFA HEILDARSVIP Á VERKINU OG VIÐ SÖMDUM ÞVÍ SÖGU Í ÞJÓÐSAGNASTÍL OG BYGGÐUM VERKIÐ Á FRAMVINDU SÖGUNNAR.**

Spurð hvort þau hafi áður unnið saman segir Lilja: „Í fyrra þegar ég var að gera meistaraverkefnið mitt þá samdi ég verk fyrir Mikael. Þar vorum við að vinna náið saman og skoða samband tónskáldsins og flytjandans. Þetta nýja verk kviknaði út frá því að okkur langaði til að gera meira og skoða enn frekar línurnar á milli tónskáldsins og flytjandans. Vegna þess að við höfum fylgst með sköpunarferli hvort annars frá byrjun og þekkjum tónlist hvort annars mjög vel þá fær flytjandinn mjög frjálsar hendur í þessu verki og það myndast ákveðnir spunakaflar út frá því."

Engar hindranir

„Það er mjög sérstakt fyrir mig að spila tónlistina hennar Lilju," segir Mikael. „Þegar ég spila djasstónlist og sönglög þá eru alls konar hindranir í harmóníu og laglínu sem ég þarf að veita athygli. Tónlist Lilju er mjög tær og abstrakt og þegar maður spilar hana þarf maður að setja alla athyglina í tilfinninguna. Það er það sem maður vill gera í allri tónlist en það er mjög auðvelt í tónlist Lilju því þar eru engar hindranir."

„Ég finn mjög sterka tengingu við verkin hans Mikaels. Ég hef fengið að fylgjast með sköpunarferlinu og tengi vel við hugmyndir hans," segir Lilja. „Hann hefur einstakt lag á að finna fallegar laglínur og harmóníur og byggir upp mörg lög af ryþmum og áferðum sem mynda fallega heild í samspili. Hann veit svo vel hvað hann vill gera og það er afskaplega gaman að vinna með honum."

Stórir draumar

BÆKUR

Olga
★★★☆☆
Bernhard Schlink

Þýðandi: Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Útgefandi: Mál og Menning
Blaðsíður: 260



Olga er saga af ást tveggja einstaklinga af mismunandi stétt með mismunandi drauma og lífsviðhorf. Olga er munaðarlaus fátæklingur af pólskum uppruna í Þýskalandi um aldamótin 1900. Herbert er sonur ríkasta mannsins í þorpinu, hann er ævintýragjarn, stórhuga og fullur af þjóðernisstolti. Sagan er þó mun fremur saga Olgu en Herberts, eins og nafnið gefur til kynna, þar sem ævi hennar er rakin, bæði með Herberti og án hans.

Sagan er sögð í þremur hlutum og kemur það mjög á óvart þegar skyndilega er skipt um sjónarhorn í öðrum hluta og opinberar sögumaður sig þar. Ævi Olgu er þannig rakin tvisvar sinnum í sitthvorum hlutanum, með mismunandi áherslum, en þriðja hlutanum er í raun varið í ævi annarrar persónu og samskipti hennar við Olgu.

Sögusviðið er það sem heillaði mest við lesturinn. Ekki endilega sögusviðið og hinn þýski menningarheimur í upphafi 20. aldar heldur frekar stemningin í kringum stríðsárin, sem höfundi tekst að koma vel til skila, og hugmyndafræðin sem var uppi meðal almennings á þessum tíma.

Olga horfir á hverja kynslóð karlmanna á fætur annarri heillast af stórum draumum. Þýskaland á að vera stórt, þjóðin á að vera stór og hugmyndafræðin á að teygja anga sína til næstu heimsálfa, helst að breiðast út um allan heim. Olgu er fyrirmunað að átta sig á heimsku fólks og hvernig sagan endurtekur sig í sífellu. Og hún getur aðeins kennt einum manni um alla þá ógæfu er drifið hefur á daga Þýskalands og þeirra karlmanna sem hún hefur elskað: Bismarck. Þetta hófst allt saman með honum og má í raun segja að skáldsagan endi með honum líka.

Það sem var þó nokkuð pirrandi við lesturinn var hraði frásagnarinnar. Höfundur gefur sér lítinn tíma til að staldra við einstaka æviatriði Olgu og þá er lítið komið inn á tilfinningar persónunnar sem hefðu mátt skipa mun stærri sess í frásögninni. Það er þannig ekki fyrr en í síðasta hluta sögunnar sem lesandinn nær almennilegri tengingu við aðalpersónuna í gegnum bréfaskrif hennar en það hefði mátt gerast mun fyrr við lesturinn.

Óttar Kolbeinsson Proppé

NIÐURSTAÐA: Höfundi tekst vel að fanga stemninguna í kringum stríðsárin en meinið er að frásögnin er of hröð á kostnað tengingar við aðalpersónuna.

Hin þrjú fræknu vinna stöðuga sigra jafnt erlendis sem hér á landi.

Aftur á meðal hundrað bestu

Sér grefur gröf eftir Yrsu Sigurðardóttur, Snjóblinda eftir Ragnar Jónasson og Grafarþögn eftir Arnald Indriðason eru á meðal hundrað bestu glæpasagna sem skrifaðar hafa verið, samkvæmt lista bresku bókabúðakeðjunnar Blackwell's.

Auk íslensku glæpasagnanna þriggja eru á lista Blackwell's-keðjunnar bækur eftir höfunda á borð við Arthur Conan Doyle, Umberto Eco, Sjöwall og Wahlöö, Ian Rankin, Patriciu Cornwell, Jo Nesbø, Stieg Larsson, Raymond Chandler, Aghöthu Christie og John Grisham, svo fáeinir séu nefndir.

Á dögunum birti Sunday Times lista yfir 100 bestu glæpasögur sem komið hafa út frá stríðslokum og þar áttu íslensku höfundarnir þrír líka bækur en þó ekki þær sömu heldur voru það Brakið eftir Yrsu, Dimma eftir Ragnar og Furðustrandir eftir Arnald.

Það er Richard Reynolds sem tók saman listann fyrir Blackwell's en hann er þekktur sérfræðingur í glæpasögum í Bretlandi, hefur setið í dómnefndinni um Gullrýtinginn, auk þess að vera gagnrýnandi, ritstjóri og bóksali. – **kb**

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

24. JÚLÍ 2019

Tónlist

Hvað? Tónleikar Svavars Knúts
Hvenær? 21.00
Hvar? Norræna húsið.

Hvað? Hádegistónleikar
Hvenær? 12.00
Hvar? Hallgrímskirkja
Kammerkórinn Schola cantorum með fjölbreytta dagskrá.

Hvað? Jazz með útsýni.
Hvenær? 21.00
Hvar? Björtuloft í Hörpu
Brasilískri gítarleikarinn, söngvarinn og lagasmiðurinn Ife Tolentino skemmtir ásamt íslenskum tónlistarmönnum.

Hvað? Sumartónleikar í Skapandi sumarstörfum, Garðabæ.
Hvenær? 19.30.
Hvar? Tónlistarskóli Garðabæjar.
Anna Katrín Hálfdanardóttir, 18 ára fiðluleikari, flytur verk eftir J.S. Bach, Schumann, Jón Nordal, Bruch og Beethoven.

KRÓNAN

ALVÖRU RIBEYE BORGARI

– ekki missa af þessum!

Krónan mælir með!

Ribeye steikarborgarar, 2x150 g

1399 kr. pk.

Norðlenska beikon borgarar, 2x120g

599 kr. pk.

Fabrikku sósur, verð frá:

449 kr. stk.

Deliciou krydd, 80 g

699 kr. stk.

Ódýrt

Hamborgarar 4 stk með brauði

998 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

Freistandi útsölutilboð



Sumar útsala

{ ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR }

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

10.55 HM í sundi Bein útsending frá HM í sundi í Suður-Kóreu.
13.50 Sumarið
14.10 Útsvar 2015-2016 Reykjavík - Árborg
15.15 Mósaík 1998-1999
16.10 Nýja afríska eldhúsið - Suður-Afríka
16.40 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989 Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar. Björn Emilsson. e.
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Tímon & Púmba
18.17 Sígildar teiknimyndir
18.24 Líló og Stitch
18.50 Bækur og staðir Patreksfjörður Egill Helgason tengir bækur við ýmsa staði á landinu. Í þættinum ferðast Egill til Patreksfjarðar og tengir staðinn við ljóðabók Jóns úr Vör, Þorpið. Kristján Franklín Magnús flytur ljóðið Ég er svona stór og sjást myndir úr bókinni Þorpið. Dagskrárgerð: Ragnheiður Thorsteinsson.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarið
20.00 Eftir Inez Sænsk heimildarmynd um parið Denize og Filip sem eiga von á sínu fyrsta barni. Þau hafa gert allt tilbúið fyrir komu barnsins en í síðustu heimsókn til ljósmóður finnst enginn hjartsláttur og barnið fæðist andvana. Í myndinni er parinu fylgt í gegnum sorgarferlið og smám saman taka sárin að gróa og von kviknar á nýjan leik. Leikstjóri: Karin Ekberg.
21.05 Á önglinum Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrum eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Bjargvætturinn Dönsk heimildarmynd frá 2014 um Stanislav Petrov, fyrrum sovéskan herforingja. Talið er að heimsbyggðin standi í þakkarskuld við Petrov, en honum hefur verið eignaður heiðurinn af því að forða heiminum frá kjarnorkustyrjöld árið 1983.
00.15 Haltu mér, slepptu mér
01.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 The Open Championship Útsending frá þriðja keppnisdegi Opna breska meistaramótsins.
13.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
13.50 The Open Championship
18.50 Golfing World
19.40 Barbasol Championship Útsending frá lokadegi Barbasol Championship á PGA mótaröðinni.
22.40 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA mótunum.

SJÓNVARP SÍMANS

08.01 Dr. Phil
08.43 The Tonight Show
09.24 The Late Late Show
10.04 Síminn + Spotify
12.02 Everybody Loves Raymond
12.25 The King of Queens
12.46 How I Met Your Mother
13.08 LA to Vegas
13.29 Solsidan
13.52 Fam
14.12 The Orville
14.59 90210
16.02 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 American Housewife
20.10 Charmed
21.00 Girlfriend's Guide to Divorce
21.50 Bull
22.35 Queen of the South
23.20 The Tonight Show.
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 Proven Innocent
03.05 Get Shorty
04.05 Still Star-Crossed
04.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Bærinn minn og þinn
15.00 Fréttir
15.03 Samtal um heilbrigðisþjónustu
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Útvarp KrakkaRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Sandárbókin
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.45 Swan Princess. A Royal Family Tale
13.10 Ocean's Thirteen
15.10 Mr. Deeds
16.50 Swan Princess. A Royal Family Tale
18.15 Mr. Deeds
19.55 Ocean's Thirteen
22.00 Dunkirk
23.50 Annabelle. Creation
01.40 The Program
03.25 Dunkirk

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Grey's Anatomy
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Mom
10.00 Fresh Off the Boat
10.20 Arrested Developement
10.50 The Last Man on Earth
11.15 Asíski draumurinn
11.45 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef USA
13.40 Lóa Pind. Snapparar
14.15 Á uppleið
14.40 God Friended Me
15.25 Major Crimes
16.05 Lose Weight for Good
16.35 Stelpurnar
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.45 Sportpakkinn
18.55 Veður
19.00 Víkingalottó
19.05 Modern Family
19.30 First Dates
20.20 Shrill
20.45 The Bold Type
21.30 Divorce
22.00 Wentworth
22.50 You're the Worst
23.15 L.A.'s Finest
00.00 Animal Kingdom
00.50 Euphoria
01.45 True Detective
02.40 True Detective
03.55 Silent Witness
04.50 Silent Witness

STÖÐ 3

19.10 Kevin Can Wait
19.35 Bob's Burgers
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Two and a Half Men
21.15 The Last Ship
22.00 Westworld
23.00 iZombie
23.50 Grimm
00.35 Kevin Can Wait
01.00 Seinfeld
01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.00 KA - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
09.40 Liverpool - Sevilla
11.20 Juventus - Inter Bein útsending frá leik á International Champions Cup.
13.30 Real Madrid - Arsenal Útsending frá leik á International Champions Cup.
15.10 Guadalajara - Atletico Madrid Útsending frá leik á International Champions Cup.
16.50 Bayern - AC Milan Útsending frá leik á International Champions Cup.
18.30 GYM
19.00 3. liðið
19.30 HK/Víkingur - Stjarnan Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
21.10 Pepsi Max mörk kvenna
22.10 Juventus - Inter
23.50 Liverpool - Sporting Lissabon Bein útsending frá æfingaleik.

STÖÐ 2 SPORT 2

23.55 Roma - Benfica Bein útsending frá leik á International Champions Cup.

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

SKRIFBORÐSSTÓLAR Í MIKLU ÚRVALI

SUPPORT
með örmum
29.900 kr.
fullt verð 56.800 kr.

OPEN POINT
með örmum
39.900 kr.
fullt verð 70.800 kr.

HEADPOINT
með örmum
49.900 kr.
fullt verð 79.900 kr.

P90
með örmum
59.900 kr.
fullt verð 94.900 kr.

SITNESS 15
með örmum
69.900 kr.
fullt verð 93.900 kr.

W7 LIGHT
með örmum
79.900 kr.
fullt verð 157.900 kr.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

ÚTSALA ALTAÐ 60% ÁFSLÁTTUR

Kvikmyndahornið

Nú skulum við segja hvað við heitum!

Edda Karítas Baldursdóttir
eddakaritas@frettabladid.is

Hæfileikar, útlit og heppni geta haft mikið um að segja um hvernig fólki tekst að fóta sig á frægðarbrautinni í Hollywood en dæmin sanna að fátt er þó jafn mikilvægt og nöfnin sem fólk ber. Foreldrar hafa líklega sjaldnast frægðardrauma barna sinna í huga þegar þeim eru valin nöfn, þannig að löngum hefur tíðkast að fólk breyti eða skipti alfarið um nafn til þess að koma sér áfram í Hollywood. Mikilvægt er að nýja nafnið sé grípandi og festist strax í minni áhorfenda. Hér eru nokkrar stjörnur sem breyttu um nafn með góðum árangri.

- **Blake Lively** Leikkonan sem er þekktust fyrir þættina Gossip girl heitir vissulega Blake en hún var skírð Blake Ellender Brown en ekki Lively sem er vissilega miklu líflegra.
- **Lily James** Breska leikkonan sem fór með hlutverk Öskubusku var skírð Lily Chloe Ninette Thomson. Lily James er óneitanlega töluvert þjálla nafn.

- **Helen Mirren** Drottningin sjálf, Helen Mirren, er af rússneskum ættum og heitir Ilyena Lydia Mironoff. Helen Mirren er því ágætis ensk útgáfa af nafni hennar.
- **Chevy Chase** Skírnarnafn grínistans er Cornelius Crane Chase en ekki Chevy. Cornelius Crane hefði samt getað virkað fullkomlega sem listamannsnafn.

- **Mila Kunis** That 70's Show leikkonan Mila Kunis er í raun úkraínsk og heitir Milena Markovna Kunis.

- **Audrey Hepburn** Heimildum ber ekki saman um hvert raunverulegt skírnarnafn stórleikkonunar Audrey Hepburn er en talið er að skírnarnafn hennar hafi annað hvort verið Audrey Kathleen Ruston eða Edda Van Heemstra.
- **Cary Grant** Breski sjamörinn Cary grant var skírður Archibald Alexander Leach.

Fleiri stjörnur með önnur nöfn:

- **Kirk Douglas** - Issur Danielovitch Demsky
- **Natalie Wood** - Natalia Nikolaevna Zakharenko
- **John Wayne** - Marion Robert Morrison
- **Judy Garland** - Frances Ethel Gumm
- **Elizabeth Banks** - Elizabeth Irene Mitchell
- **Jodie Foster** - Alicia Christian Foster

Quentin Tarantino, leikstjóri og höfundur myndarinnar, ásamt aðalleikurunum, þeim Brad Pitt, Margot Robbie og Leonardo DiCaprio.

Once upon a time in Hollywood frumsýnd

Kvikmyndin Once upon a time in Hollywood var frumsýnd á mánudaginn. Hún hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda. Myndin var sú síðasta sem leikarinn Luke Perry lék í.

Gaman-dramamyndin Once upon a time in Hollywood var frumsýnd á mánudaginn og var rauði dregillinn stjörnum prýddur, enda engir aukvisar sem standa að gerð myndarinnar. Hér er um að ræða níundu mynd Quentins Tarantino, en hann hefur sagst ætla standa við þau áform að hans tíunda mynd verði hans síðasta. Nýjasta myndin hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og er þegar þetta er skrifað með 9,5 í einkunn á vefnum IMDb.com. Myndin er síðasta myndin sem Beverly Hills 90210 leikarinn Luke Perry lék í, en hann lést úr hjartaáfalli fyrr á árinu. Í minningu hans klifraði sonur hans, Jack Perry, upp á auglýsingaskilti með mynd af föður hans. Myndin verður frumsýnd hér á landi þann 16. ágúst.

steingerdur@frettabladid.is

Systurnar Scout, Tallullah og Rumer Willis voru glæsilegar á frumsýningunni.

Í fyrsta sinn mætti söngkonan Britney Spears með kærasta sinn, Sam Asghari, á opinberan viðburð.

Íslandsvinurinn Eli Roth mætti á frumsýninguna en hann hefur átt farsælt samstarf við Tarantino í gegnum tíðina.

Sonur Luke Perry, Jack Perry, mætti á frumsýninguna. Í tengslum við útgáfu kvikmyndarinnar kleif hann auglýsingaskilti sem á var mynd af föður hans.

Leikkonan Vanessa Hudgens ásamt kærasta sínum Austin Butler, en nýbúið er að tilkynna að hann taki að sér hlutverk Elvis Presley í væntanlegri kvikmynd.

Leikonan knáa Julia Butters fer með hlutverk í myndinni, en hún hefur undanfarið slegið í gegn í þáttunum American Housewife.

NÝTT
laktósafrír
Djoef
MEÐ KARAMELLUKULUM
Daim
INSIDE
KÓKOSÍS MEÐ LÚXUSDÝFU
LAKTÓSAFRÍR
MEÐ KARAMELLUFYLLINGU
MEÐ PIPARDUFTI
MEÐ VANILLUBRAGÐI
emmessis
HNETU
Toppur
NAMMI
ÍSNÁL
ÁPPELSÍN
LURKAR
Trúðaís
with
skyr
and organic berries
Sjeik
rjóminn
af
sumrinu
emmessis.is
emmessis

Nýtt!
Fleiri Myllu smáar-kökur í boði fyrir útileguna mmm þú bara verður ...

Fjórar saman í pakka
„Vinnum að því“ – að gera enn betur
Smakkaðu nýju silkimjúku karamellu-lakkrís kökuna strax í dag Þær eru fjórar saman í pakka
> Loksins, loksins er Myllu smáar-kökur komnar með karamellu og lakkrís. Núna er tilefni til að gera sér ferð út í búð og grípa með sér nýju karamellu og lakkrís kökurnar strax í dag.
> *Fjórar saman í pakka. Nýju karamellu og lakkrís kökurnar í viðbót við möndlu-, súkkulaði- og karamellukökurnar. Bragðaðu þær strax í dag.*

MYLLAN
Alltaf nýbakað í 60 ár
Myllan hefur bakað fyrir Íslendinga í 60 ár.
> myllan.is
veldu ÍSLENSKT

Ragnar Sigurjónsson segir endalaust hægt að dást að bréfdúfum á flugi og vonast til þess að fjölga muni í bréfdúfusportinu. Pólverjar hafi helst verið að bætast í hópinn og þeir komi með mikla þekkingu frá heimalandinu.

Bréfdúfur eru góðir og gáfaðir félagar

Keppni fullorðnu fuglanna á Íslandsmóti bréfdúfna fékk skjótan endi eftir ófyrirsjáanlega hrakninga. **Ragnar Sigurjónsson** segir sorglega fáa stunda geðbætandi dúfnasportið sem henti öllum.

Bréfdúfnafélag Íslands var stofnað 2009 á grunni Dúfnaræktarsambands Íslands. Ragnar Sigurjónsson segir tilgang félagsins fyrst og fremst að efla bréfdúfnarækt á landinu og standa fyrir kappflugi þessara merkilegu fugla sem er eðlislægt að rata alltaf heim.

„Því miður er ekki hægt að segja að þetta sé stór hópur sem stundar bréfdúfnasportið, eins og við köllum það," segir Ragnar sem vonast til þess að úr þessu rætist þar sem áhuginn á bréfdúfunum sé þrátt fyrir allt talsverður.

Þannig eru 1.887 manns skráðir í Facebook-hópinn Dúfnaspjallið þótt mun færri en þeir rækti dúfur og tefli þeim fram í kappflugi. Hann segir sportið engu að síður henta fólki á öllum aldri og hver og einn geti ráðið því hversu miklum tíma og peningum hann eyði í dúfurnar.

Upp, upp, mín fiðraða sál

Ragnar segir bréfdúfnasportið sérstaklega geðbætandi og hafa góð áhrif á sálarlífið. „Fyrst og fremst vegna þess að þegar þú ferð út í kofa þá er þar engin önnur truflun. Þú ert náttúrlega ekki með síma eða neitt og ert bara þarna að hreinsa til og spá og spekúlera í fuglunum. Og svo er endalaust hægt að dást að þeim þegar þeir fljúga um loftin blá."

Ragnar bendir einnig á að sjálfsagt og eðlilegt sé að tala við fuglana og hann efast ekki um að þær samræður geri bæði manni og fuglum gott. „Maður gerir þetta sérstaklega á varptímanum og þegar maður byrjar að handfjatla ungana. Ég held að þetta hafi róandi áhrif á fuglana en allt ræðst þetta af því hversu miklum tíma þú eyðir með þeim í kofanum og þeir læra að treysta þér betur eftir því sem þú ert meira hjá þeim."

Fréttaritarar háloftanna

Bréfdúfan á sér langa sögu og ætla má að eðlisgáfur hennar og hæfileikar ráði miklu um að þær vekja forvitni og áhuga fólks. Ragnar segir að þeir sem til þekkja viti að dúfur eru gáfuð dýr auk þess sem þær geti lært mikið, bæði af eigin reynslu og eigendum sínum.

Merkilegir fuglar

- Fullvaxin dúfa hefur um 10.000 fjaðrir.
- Vitað er um dúfur sem lifað hafa í 30 ár.
- Dúfur geta slegið vængjum sínum allt að tíu sinnum á sekúndu.
- Dúfur geta náð hjartslætti upp á 600 slög á mínútu og haldið honum í allt að 16 klukkustundir án hvíldar.
- Dúfur hafa þann einstaka eiginleika fyrir fugl af sinni stærð að geta flogið beint upp.
- Bréfdúfur fljúga að jafnaði á 80 til 100 kílómetra hraða.
- Mesti hraði á bréfdúfu sem vitað er um og mælst hefur er 148 kílómetrar á klukkustund, það gerir 2.481 metra á mínútu.
- Vitað er um bréfdúfur sem flogið hafa rúma 1.120 kílómetra á einum degi.
- Milljónir fólks út um allan heim stunda kappflug með bréfdúfur.
- Pólland er eitt af fáum löndum þar sem fólki fjölgar í sportinu.

BRÉFDÚFUR ERU Í RAUN EINN ELSTI FIÐRAÐI VINUR MANNSINS OG HAFA FYLGT HONUM ÖLDUM SAMAN.

„Bréfdúfur eru í raun einn elsti fiðraði vinur mannsins og hafa fylgt honum öldum saman," segir Ragnar og minnir einnig á mikilvægi bréfdúfnanna í fjarskiptum fyrri alda. Fyrir utan vitaskuld að þær voru fyrstu fréttaritarar Júlíusar Reuters á 19. öld.

Hrakningar á Íslandsmeistaramóti

Bréfdúfurnar keppa sumarlangt í kappflugi í tveimur flokkum, fullorðinna og unga. Keppni þeirra eldri fékk þó óvæntan endi fyrir nokkrum vikum þegar vont veður feykti sumum þeirra langt af braut og þótt flestar hafi þær að lokum ratað heim er svo af þeim dregið að meira verður ekki lagt á fuglana í sumar. Ungarnir eru hins vegar enn í toppformi og halda keppni áfram á laugardaginn.

Féll fyrir brúðkaupsdúfum

„Ég byrjaði ungur í þessu en hætti í nokkur ár þegar ég fór að eldast," segir Ragnar sem rataði þó aftur til baka og áhuginn vaknaði á ný eftir að hann flutti austur fyrir fjall fyrir tólf árum.

„Þetta byrjaði þannig að ég hafði séð í bíómynd og á netinu hvítum dúfum sleppt í brúðkaupum. Ég held þetta sé einhver ameríkur siður og mig langaði rosalega að vita hvort ég gæti komið mér upp hvítum dúfum og gert þetta hérna heima. Og hef verið í þessu síðan og þetta er svona hliðarbúgrein," segir Ragnar sem unir sér vel í félagsskap hinna fiðruðu boðbera friðar og frétta.

Ragnar segir þá sem til þekkja vita að dúfurnar eru eðlisgreind dýr.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Pizza Hut

SUMARPEPP OG SVEPP

35% AFSLÁTTUR

SUMARTILBOÐ

STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA

1990

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur

Hver á hvað?

Ég átti afmæli um helgina og í tilefni af því gistu barnabörnin hjá ömmu og afa. Yfir hafragrautnum á mánudagsmorgni horfði ég á eitt þriggja ára andlit og annað fimm ára og það var verið að ræða málin. „Ég á ykkur," sagði ég til að reyna þau. „Ég er amma ykkar og ég á ykkur!" Þá horfði þriggja ára nafna mín á mig og sagði: „Nei, þú átt okkur ekki, við eigum þig!" Ég reyndi að malda í móinn og endurtók yfirlýsingu mína heldur ákveðnari, en hún svaraði fullum hálsi og ítrekaði afstöðu sína. Fimm ára drengurinn vildi milda stemninguna og mælti: „En Guð á okkur öll!" Og þar með lauk þeirri umræðu en ný málefni tekin á dagskrá. Í rauninni var ég heldur ánægð með yfirlýsingar barnanna beggja. – Þriggja ára skottið bar fram sjálfstæðisyfirlýsingu en fimm ára heimspekingurinn minnti á ást Guðs á öllum mönnum.

Það er sístætt umræðuefni þetta með eignarréttinn. Hver á hvað í þessum heimi? Nýlega lá ég á mosaþembu og horfði úr svimandi hæð á fuglinn bjástra í bjarginu undir Arnarstapa líkt og hann hefur gert í þúsundir ára. Uppstreymið af bjarginu bar með sér stækan þef af driti í bland við ilm af hafi. Á heimleiðinni gargaði krían í eyru mér í miklum ham við að verja varpsvæði sitt. Tvær kríur höfðu tyllt sér á skilti við veginn sem á var letrað: „Einkavegur" líkt og upp á grín, því krían veit betur og fylgir sínum málum ekki síður fast eftir en hún nafna mín. „Þú átt mig ekki, ég á þig!"

Í árþúsundir hefur vorað á Íslandi og gróandinn tekið völdin með fuglasöng, flugnasuði og tófugaggi. Svo mun áfram verða hvað sem öllu mannlífi líður. Við eigum ekki þetta land, landið á okkur. Og vilji einhver um það deila mælir fimm ára barnsröddin: „En Guð á okkur öll!"